



BÓNDAVARÐAN

26. MAÍ 2021. 20. ÁRGANGUR

MÚLAPING

GLEDILEGT SUMAR



LJÓSMYND: ÞURÍÐUR HARÐARDÓTTIR

ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Eins og okkur er öllum kunnugt þá varð sveitarfélagið Múlaþing formlega til í byrjun október 2020. Þar með lauk ferli sem hófst haustið 2017 er fulltrúar sex sveitarfélaga á Austurlandi komu saman til að ræða hvort ekki mætti þróa frekar hið ágæta samstarf sem var með þessum sveitarfélögum. Þessi vinna varð til þess að fjögur þessara sex sveitarfélaga runnu saman í eitt, sem var að mínu mati mikið gæfuspor. Ýmislegt hefur orðið til þess að við erum ekki alveg á þeim stað er við ætluðum okkur og vega þar þyngst, annars vegar, neikvæð áhrif Covid 19 á tekjur sveitarfélagsins og samskipti innan þess og, hins vegar, skriðuföllin á Seyðisfirði sem gerðu það að verkum að við erum skemmra á veg komin en áætlanir gerðu ráð fyrir varðandi þróun stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Ársreikningur Múlaþings vegna ársins 2020 liggur fyrir afgreiddur af sveitarstjórn og er óhætt að segja við hefðum kosið hagkvæmari niðurstöðu en þar kemur fram, en hallarekstur var á rekstri sveitarfélagsins upp á um 110 millj.kr. Múlaþing er ekki eitt um að vera í þessari stöðu þar sem neikvæðra áhrifa faraldursins á tekjur sveitarfélaga gætir um allt land og mun því miður gera áfram út þetta ár og fram á það næsta. Það var hins vegar mikið lán að sú ákvörðun að sameina sveitarfélögin fjögur skuli hafa legið fyrir er þessi ósköp dundu yfir því Múlaþing er í stakk búið til að takast á við þennan vanda.

Þrátt fyrir að fyrirjárnlegt sé að það muni taka sveitarfélagið allt að þrjú ár að ná ásættanlegri rekstarniðurstöðu á ný, þá er eftir sem áður ekki útlit fyrir annað en að hægt verði að fara í þær fjárfestingar í innviðum og þróun stjórnsýslu er lagt var upp með í aðdraganda sameiningar.

Sé horft til Djúpvogs þá liggur fyrir að í ár verði ráðist í hafnarframkvæmdir (endurnýjun og lenging stálpils) og að kassaverksmiðja verði reist á Gleðivíkursvæðinu. Auk þess stendur til að byggt verði íbúðarhúsnæði á vegum Leigufélagsins Bríetar, annars vegar og Hrafnshóls, hins vegar. Það er því óhætt að segja að þrátt fyrir þau ósköp er dunið hafa yfir þá eru jákvæðir hlutir í farvatninu sem verða til þess fallnir að efla okkur til framtíðar.

Ég horfi því með tilhlökkun til þess að takast á við þau verkefni sem framundan eru enda er ég sannfærður um að við munum saman þróa gjöfult og gæfuríkt samfélag.

Sveitarstjóri.

Langabúð
Verður opin kl. 10 - 18
alla daga
frá 1. júní



FRÁ STJÓRN FORELDRAFÉLAGS LEIKSKÓLANS BJARKATÚNS

Starf foreldrafélagsins hefur verið ólíkt því sem vaninn er þennan veturinn. Ekki var hægt að gera allt sem hefð er fyrir eða þurfti að breyta og aðlaga að sóttvarnarreglum vegna Covid-19.

Samstarf var stofnað milli foreldrafélags leikskólans og Djúpavogskirkju vegna íþróttaskóla Djúpavogs. Annan hvern laugardag var íþróttaskólinn í umsjá foreldrafélagsins og hinn í höndum Djúpavogskirkju. Covid setti stórt strik í reikninginn og ekki var hægt að halda eins marga íþróttaskólatíma og áætlað var. Foreldrafélagið vill þakka Alfreð presti fyrir sína frábæru vinnu sem og yndislegum nemendum unglíngadeildar Djúpavogsskóla sem voru aðstoðarmenn íþróttaskólans.



Í ár var ekki einvörðungu seldur jólapappír til fjáröflunar fyrir foreldrafélagið heldur voru nemendur Bjarkatúns fengnir til að teikna jólalistaverk sem voru prentuð á merkimiða og seld í fjáröflunarskyni fyrir félagið. Merkimiðarnir vöktu sérstaka lukku og þurfti að panta tvö upplög.

Jólafröndrið er stór hluti af því sem foreldrafélagið sér um ár hvert. Stefnt var að það yrði með hefðbundnu sniði en í ljósi hertra sóttvarnaraðgerða fengu börnin föndurpakka með sér heim úr leikskólanum sem þau voru hvött til að föndra úr daginn eftir. Þau gerðu það hinsvegar í öryggi síns heima með sínum fjölskyldum í stað leikskólans. Reynt var að nýta afganga af skrauti fyrri ára og efniviðnum komið fyrir í mjólkurfernum sem voru þannig endurnýttar í gjafaumbúðir. Pálmi í Geislum í Gautavík útbjó og gaf jólatrésskraut sem börnin gátu málað, skreytt og síðan hengt á jólatré eða skreytt jólapakka með. Fær hann hér bestu þakkir fyrir þessar góðu gjafir og góðvildina. Hann gerði nokkur auka eintök sem hægt var að kaupa ef fjölskyldur vildu og rann ágóðinn til félagsins.

Jólagjöf var gefin öllum nemendum leikskólans á jólaballinu og ákveðið var að hafa bókaþól í ár. Krummadeild fékk bókina *Besta bílabókin* eftir Bergrúnu Írasi Sævarsdóttur, Kríudeild fékk bókina *Hvuttasveinar* eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og nemendur í Tjaldastarfi fengu bókina *Korkusögur* eftir Ásrúnu Magnúsdóttur. Einnig keypti foreldrafélagið tvær bækur í gjöf til leikskólans.

Sumargjöfina í ár ákvað stjórnin að yrði hjólagrind á skólalóðina fyrir nemendur til að leggja hjólunum sínum. Einnig fengu börnin plöntur og tré til að gróðursetja á skólalóðinni sinni.

1. maí varð fyrir valinu til gróðursetningar og var frábær mæting þrátt fyrir kalda byrjun maímánaðar.

Á dögnum var haldinn aðalfundur félagsins þar sem stjórn gerði grein fyrir vetrinum. Stefnt er að því að halda vorhefðum með sveitaferð og sumarhátíð 26. maí og 5. júní.

Sumarhátíð Foreldrafélags Leikskólans verður haldin laugardaginn 5. júní frá 11:00-12:30 á lóð leikskólans. Grillaðar pylsur og góð samvera fyrir foreldra og börn. Hlökkum til að sjá ykkur!

ÁRSHÁTÍÐ Í DJÚPAVOGSSKÓLA

Þessi grein er hugleiðing mín um núverandi árhátíðar fyrirkomulag í Djúpavogsskóla. Segja má að hugleiðingin spretti upp úr greiningu sem ég gerði á áhrifum sem árhátíðarvinna hefur haft á mína kennsluhætti. En í nokkur ár fékk ég tækifæri til að tengja saman list- og verkgreinar og árhátíð. Sú þróunarvinna er án efa eitt það skemmtilegasta sem ég hef tekist á við sem kennari.

Í Djúpavogsskóla er mjög löng hefð fyrir árhátíð nemenda og þessi skemmtun hefur verið með ýmsu sniði í gegnum árin. Þegar ég var nemandi í skólanum fyrir rúmum fjötú árum þá æfði hver bekkur stuttan leikþátt sem varð svo partur af stærri skemmtun. Ég man eftir því að hafa leikið lækni sem eftir á að hyggja var sennilega í einkennilegu ástandi. Ég man að viðstöddum þótti þetta mjög fyndið en ég er ekki viss um að þessi brandari hafi elst vel.

Í dag eru aðrir tímar og aðrar kröfur gerðar til skólstarfs. Árhátíð Djúpavogsskóla er heildstætt verkefni sem tengist markmiðum úr aðalnámskrá og er hluti af námsmati nemenda. Á árhátíðardögum eins og öðrum dögum eiga allir nemendur að fá hæfilega krefjandi verkefni sem hvetja þá áfram, efla þá í sjálfstæðum vinnubrögðum og á sama tíma þarf hver nemandi og starfsmaður að vinna sem sterkur hlekkur í stórri keðju. Þetta eitt er krefjandi og við bætist að útkoman er sýning sem þróast hefur í einn stærsta menningarviðburð í okkar samfélagi. Það er alltaf mikil spennan á sýningardegi bæði hjá nemendum og starfsfólki. Til þess að takast á við svona stórt verkefni þarf hugrekki, virðingu og samvinnu.

Í Djúpavogsskóla höfum við hugrekki og frelsi til að vera framsækin. Við sýnum hugrekki með því að taka ábyrgð á eigin viðhorfum og gjörðum. Við berum virðingu fyrir fjölbreytileika nemenda, foreldra og starfsfólks. Með því að sýna samkennd og kærleika í verki berum við virðingu fyrir ólíkum þörfum innan skólans. Við vinnum saman með traust, gleði og jákvæðni að leiðarljósi. Við höfum metnað til að vinna saman að eflingu þekkingar og fagmennsku í skólstarfinu. Þannig tekst þetta.

Eftir mínum bestu heimildum þá hófst árhátíð með núverandi fyrirkomulagi fyrir tuttugu árum eða þegar Gauti og Berglind hófu störf við skólann. Mér skilst að þetta fyrirkomulag hafi þau prófað í öðrum skóla og það hafi virkað vel og þau innleiddu verkefnið hér haustið 2001. Þannig má segja að það séu ákveðin tímamót hjá okkur núna því árið 2001 var árhátíðarverkefnið einmitt það sama og nú, Latibær. Fyrir tuttugu árum var nemendafjöldi skólans svipaður og nú, eða milli 80 og 90 nemendur.

Hvernig árhátíðin hefur verið nákvæmlega útfærð er nokkuð mismunandi enda fer það eftir stöðunni hverju sinni. Hér má sjá lista sem ég tók saman eftir þeim heimildum sem ég hef og þarna má sjá að stundum hafa nemendur sjálfir unnið handritið og stundum höfum við keypt handrit og nemendur hafa staðfært það og lagað.

Skólaárið

2001 – 2002	Latibær	2011 – 2012	Konungur ljónanna
2002 – 2003	Skilaboðaskjóðan	2012 – 2013	Bugsy Malone
2003 – 2004	Kvikmynd – hver bekkur tók upp atriði sem sett var saman í eina mynd.	2013 – 2014	Footloose
2004 – 2005	Verkfall	2014 – 2015	Með allt á hreinu
2005 – 2006	Ávaxtakarfan	2015 – 2016	Dýrin í Hálsaskógi
2006 – 2007	Margt býr í myrkrinu – handrit unnið í tengslum við Daga myrkurs.	2016 – 2017	Emil í Kattholti
2007 – 2008	Jónas Hallgrímsson – handrit unnið í tengslum við 200 ára afmæli JH.	2017 – 2018	Mamma Mia
2008 – 2009	Grease	2018 – 2019	Pétur Pan
2009 – 2010	Kardimommubærinn	2019 – 2020	Grease
2010 – 2011	Ævintýri Djúpavogshrepps – handrit unnið út frá okkar samfélagi.	2020 – 2021	Latibær

Ég kom til starfa við Djúpavogsskóla árið 2001 eða fyrir tíu árum. Þá var komin ákveðin hefð á árhátíðarvinnuna sem ég gekk inn í sem starfsmaður skólans. Fyrstu árin fór ég í gegnum árhátíðina með umsjónarþekkingum mínum. Sem kennara þótti mér þetta frábært tækifæri til að efla orðaforða, syngja með þeim lögum, læra texta og búa til góða bekkjarstemmingu. Ég man hvað mér fannst það mögnuð tilfinning að sjá umsjónarnemendur mína á sviðinu og takast af hugrekki á við sviðsskrekkin. Í mínum huga er það ógleymanleg stund að sjá svipinn á hópnum þegar þau uppskárú lófaklapp frá áhorfendum í lok sýningar og áttuðu sig á því að þau hefðu virkilega tekist á við þessa áskorun og staðið sig frábærlega. Svipurinn sagði: Við getum allt.

Haustið 2013 var ég beðin um að taka að mér sviðsmyndavinnuna og þá opnuðust alveg nýir heimar fyrir mér. Ég sá þarna tækifæri til að efla list- og verkgreinakennslu í skólanum sem þá bjó við mikið aðstöðuleysi. Þetta fólst í því að árhátíðar verkefnið var ákveðið að vori eða strax að hausti og allir nemendur skólans fengu tækifæri til að teikna sviðsmynd og ákveða hvaða leikmunir ættu að vera í verkinu. Nemendur smíðuðu leikmuni og settu í kassa sem beið svo tilbúið þar til árhátíðin var sett upp. Svíðsmyndin var svo að mestu unnin nokkrum vikum fyrir sýningu og eftir vinnuteikningu sem allir nemendur skólans komu að. Einnig gerðu nemendur líkan af sviðinu og þannig voru allir komnir með ákveðna sýn á það sem var að fara að gerast.



Ég var svo heppin að fá að sjá Cittaslow myndina okkar á nokkrum vinnslustigum og þegar ég sá fyrstu drögin þá fékk ég aðra sýn á árhátíðarvinnuna. Þá áttaði ég mig á því að þegar nemendur fengu svona mikinn tíma til að vinna hugmyndavinnu þá gerðist það eiginlega óvart að nemendur lögðu línurnar að því hvernig verkið yrði í heild. Með þessari aðferð þá var unnið út frá sviðsmyndinni og þegar leikstjórinn hóf störf með leikarahópnum, nokkrum vikum síðar, þá var búið að leggja línurnar og leikritið tók mið af því. Áður var það þannig að leikstjórinn sagði til um hvernig sviðsmyndin ætti að vera og nemendur unnu eftir verkefnalista frá leikstjóra. Hvorugt er betra en hitt, bara öðruvísi nálgun en mér þótti þetta skemmtileg uppgötvun og áhugavert að sjá þetta þróast svona.

Það er eins með þetta verkefni og önnur, til þess að allt gangi upp þá þarf alltaf að vera einhver sem dregur vagninn og er til í að leggja allt í að koma verkefninu á koppinn. Að öllum öðrum ólöstuðum þá held ég að ég geti fullyrt að Berglind Einarsdóttir og Halldóra Dröfn hafi oftast dregið árhátíðarvagninn í Djúpvogsskóla á s.l. tuttugu árum. Ég var svo heppin að fá að hoppa á vagninn með þeim og núna sé ég hvað það hefur haft mikil áhrif á mína kennsluhætti og skólasýn. Í haust þegar ég tók við sem skólastjóri í Djúpvogsskóla þá vantaði okkur vagnstjóra en ég hafði gefið nemendum loforð um að ég myndi finna þann aðila og að árhátíð yrði haldin með stæl.

Vagnstjórann fann ég í Kjörbúðinni. Það var einn janúarmorgun, ég var farin að hafa smá áhyggjur af því hvernig við ættum að setja upp árhátíð í miðjum heimsfaraldri. Ég fór í Kjörbúðina að ná mér í nesti og Fanný Dröfn Émilsdóttir, fyrrum nemandi skólans afgreiddi mig. Áður en ég vissi af var ég búin að biðja hana um taka þetta verkefni að sér og hún búin að segja já. Eftir þessa búðarferð mína fór allt af stað og Fanný tók leikstjórna að sér með miklum glæsibrag og það hefur verið mikill lærdómur fyrir mig að fylgjast með hversu fagmanlega hún vinnur. Það er frábært að sjá hvernig henni tekst að brúa bilið á milli þess að verkefnið er partur af námi nemenda en á sama tíma ótrúlega skemmtilegt uppbrot á skólastarfi. Það er frábært að sjá hvernig reynsla hennar af árhátíðinni, sem fyrrum nemandi skólans, er að nýtast vel.

Já þegar Fanný var mætt til starfa var ekki aftur snúið og allt var sett af stað. Í tvær vikur var öllu skipulagi í skólanum snúið á hvolf og allir hjálpuðust að, nemendur, starfsfólk og foreldrar. Starfsfólk á Hótel Framtíð, Magnús Kristján, Birgir Th. og fleiri stigu fram og lánuðu tæknibúnað, kenndu nemendum á ljós og tækni, settu upp svið og fleira. Þessi þáttur í árhátíðarvinnunni snertir alltaf við mér. Alveg magnað hvernig allir leggjast á eitt við að láta þetta ganga upp og það gerir verkefnið svo miklu skemmtilegra og stærra. Eins og áður var reynt að sjá til þess að allir fengu eitthvað við sitt hæfi í mismunandi smiðjum. Nemendur unnu leikmuni, sviðsmynd, leikskrá, lærðu á ljós og tækni auk þess að leika, syngja og dansa. Starfsfólk skipti um hlutverk og prófaði að kenna allt annað en þeir gerðu vanalega, það var alvöru uppbrot.

En þetta fór eins og það fór. Miðvikudaginn 24.mars voru nemendur sendir heim kl. 15:10 með þau skilaboð að við myndum sýna daginn eftir. Á sama tíma var byrjaður upplýsingafundur almannavarna og ég vissi að það lá eitthvað í loftinu en ég átti ekki von á því að öllum skólum á Íslandi yrði lokað frá og með miðnætti. Það var því ljóst kl. 15:20 að ekki yrði sýning daginn eftir. Eftir langan vetur í endalausum covid skipulagi þar sem við höfum alltaf fundið lausn á að halda úti fullum skóladegi þá var komið að því að jata okkur sigruð...í bili...og það var þínu bugaður hópur sem fór í páskafrí þetta árið.



En við tókum strax ákvörðun um að sama hvað yrði, við myndum sýna Latabæ, bara spurning um hvar, hvernig og hvenær. Þegar þetta er skrifað eru að verða sjö vikur frá því að árhátíð 2021 var frestað og fáir nemendadagar eftir á skólaárinu. Nú virðast reglur um fjöldatakmörkanir vera að rýmkast og næsta verkefni er að festa dag og sýna verkið. Við erum staðráðin í því að finna leið sem passar þeim reglum sem verða í gildi en við höfum líka lært að reglur breytast fljótt og því er mikilvægt að sættast við það að sumu getum við ekki stýrt en við getum alltaf gert okkar besta.

Eins og fram kom í upphafi þá eru þetta hugleiðingar mínar um þetta verkefni. Það er engin vafi í mínum huga að svona verkefni tekur á ótrúlega mörgum þáttum í skólastarfi. Verkefnið má samþætta við allar námsgreinar og flétta með skapandi hætti inn í allt skólastarfið og er stór þáttur í öllu samfélaginu.

Á hverju skólaári þarf að skoða hvaða útfærsla hentar best. Á næsta ári lítur út fyrir að leiklist verði fastur liður í stundatöflu allra nemenda og það gefur okkur tækifæri til að þróa þetta skemmtilega verkefni í nýjar áttir. Ég hlakka til að sjá ykkur öll þegar færi gefst til að sýna árhátíð Djúpvogsskóla 2021.

Bestu kveðjur,
Obba

Kæru leikskólabörn og foreldrar.

Foreldrafélagið býður í sveitiferð í Gautavík miðvikudaginn

26. maí kl 16:00–18:00.

Rjúkandi kaffi (munið eftir bollanum!), djús og pönnur í boði.

Sjáumst hress!



GAMLA KIRKJAN Í GÓÐUM HÖNDUM

Fallegur svipur er að koma á gömlu kirkjuna en hún fer brátt að verða fullklædd. Ágúst og Þór eru mennirnir á bakvið verkið og segja að nú stýttist í að kirkjan verði vatnsheld. Nýtt er gamalt efni úr upphaflegu klæðningunni eftir bestu getu og er það á suðurhlíð kirkjunnar og turni. En það efni er frá því að hún var byggð 1893. Annað af klæðningunni er nýtt efni. Mikil tilhlökkun er fyrir því að kirkjan komist nær því að verða nothæf og vonandi er ekki langt þangað til að hægt verður að sækja menningarviðburði og athafnir í þessari fallegu byggingu í miðju þorpnu.



Ferðaáætlun Ferðafélags

Nánari upplýsingar um hverja ferð fyrir sig verða birtar hér á fésbókarsíðu félagsins þegar nær dregur.

Fræðslugöngur

Annan laugardag í mánuði á tímabilinu janúar – maí og október – desember 2021 verður farið í fræðslugöngur í nágrenni Djúpavogs, samtals átta göngur. Fyrsta ferð er áætluð 9. janúar en nánari upplýsingar munu birtast á fésbókar síðu Ferðafélags Djúpavogs.

Stigi 19. júní

Gönguleið úr Krossdal í Breiðdal yfir að Streiti. Gönguvegaleið er um 5 km, áætlaður göngutími er um 2 – 3 klst.

Hraun 17. júlí

Létt jeppaferð úr Fossárdal upp á Hraun með viðkomu í Skollaborgum og Líkárvatni.

Langanes 30. júlí – 1. ágúst

Langanes og nágrenni skoðað með viðkomu í Pisitlfirði, Bakkafirði og Digranesi.

Bragðavalladalur - Hamarsdalur 7. ágúst

Hjólaferð um Bragðavalladal og Hamarsdal. Hjólað eftir jeppaslóða inn Bragðavalladal, Hamarsá þveruð á bakaleið ef aðstæður leyfa og hjólað út Hamarsdal, samtals um 30 km. Ferðin hefst og endar á Bragðavöllum.

Veturhúsaskarð 21. ágúst

Gönguferð úr Fossárdal um Veturhúsaskarð yfir í Hamarsdal. Gömul alfaraleið milli bæja í Hamarsdal og Fossárdal. Leiðin er um 13 km löng.

Breiðdalur 11. september

Dagsferð um Breiðdal. Perlur Breiðdals skoðaðar undir leiðsögn staðkunnugra.

FARFUGLAR OG FARANDVERKAMENN

Kuldi og hraglandi síðustu vikna hafa ekki komið í veg fyrir að farfuglarnir streymi til landsins. Hvorki veður né landamæraeðglur hindra þessa velkomnu vorboða sem við mærum á hverju ári með því að flytja af þeim fréttir, semja um þá ljóð og lög sem við syngjum á tyllidögum og däumst að elju þeirra og seiglu við að leggja á sig langt ferðalag til þess að geta verpt á okkar hrjóstrugu en fallegu og hreinu eyju langt norður í hafi. Af og til berast nýjar tegundir til landsins sem þrátt fyrir neyjuna ákveða að hér vilji þær verpa og eiga heima. Þegar það gerist er það fært í ræðu og rit.

En það eru ekki aðeins fuglarnir sem leggja á sig langt ferðalag til að leita að gríðarstað á Íslandi. Það gerir mannfólkið líka þó að möguleikar síðustu missera til ferðalaga hafi verið mjög takmarkaðir vegna heimsfaraldurs. Innflytjendur og farandverkafólk sem hingað kemur er fyrst og fremst að leita að atvinnu og öryggi. Oft er ætlunin að stoppa stutt og vinna mikið en margir staldra lengur við og setjast jafnvel að.

En hvornig tökum við á móti þessum ófleygu farfuglum. Lofsýngjum við þá í ræðu og riti og semjum um þá ógleymanlegar söngperlur?

Á dögnum varð ég vitni að samtölum þar sem fólk agnúaðist út í það að erlendir íbúar væru að kaupa allar eignir á Djúpavogi og að „...VIÐ yrðum bráðum í minnihluta á Djúpavogi“. Þegar innt var eftir því hverjir þessir VIÐ væru var iðulega átt við innfædda Djúpavogsbúa. En þegar fólk áttaði sig á því að það væri að tala við aðflutta konu úr Breiðholti sem hefði verið í bókstaflegum skilningi þess orðs, farandverkamaður, tuttugu árum fyrr, urðu þessir VIÐ að Íslendingum. Þá dugði ekki að benda á að margir af þessum tilvonandi meirirhluta væru íslenskir ríkisborgarar. Einnig hef ég heyrt fólk agnúast út í fiskeldi m.a. með þeim rökum að það sankaði að sér farandverkafólki.


Ég verð að viðurkenna að mér er brugðið yfir þessum viðbrögðum sveitunga minna. Er ekki ástæða til að fagna því að hingað vill koma fólk til að vinna og búa og skiptir þá máli hvaðan það kemur? Það er mikilvægt að fólk aðlagist og það er sjálfsagt að gera kröfur um að það leggi sitt af mörkum til að svo megi verða. Og það er ekki að ástæðulausu að farandverkamönnum og aðkomufólki, eins og mér, líður vel hér á Djúpavogi og vilji hreiðra um sig eins og brandöndin. Það er ekki einungis vegna stórbrotinnar náttúru heldur spilar fólkið þar mikilvægustu laglínuna – VIÐ.

Sama hvaða skoðun fólk hefur á laxeldi þá verður ekki undan því vikið að m.a. þess vegna hefur íbúum fjölgað, nýbyggingar rísa og skólarnir stækka. Hér er uppgangur. Til þess að halda þeirri þróun áfram þurfum við allar tegundir af farandverkafólki alls staðar að. Og þá skiptir máli hvornig VIÐ tökum á móti þessu harðduglega fólki sem fer jafnvel yfir hálfan hnöttinn til taka þátt í verðmætasköpun á Djúpavogi. Og hún felst ekki einungis í því að slátra og slægja. Um nýliðna helgi voru smiðjur fyrir börn og unglinga á vegum foreldrafélags Djúpavogsskóla. Þar var m.a. boðið upp á smiðjur í bardagaþróttum og listsköpun sem erlendir farandverkamenn sáu um. Splunkunýtt fyrirtæki, Arctic Fun, sem fékk á dögnum styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands, er í eigu erlends farandverkamanns sem hingað kom fyrir nokkrum árum og svona mætti lengi telja.

VIÐ megum ekki verða gargandi, staðbundni vargurinn, eins og mávurinn og hrafnninn, sem herjar á farfuglana, gerir þeim lífið leitt og kemur í veg fyrir að þeir nái fótfestu. Þess í stað verðum við að halda áfram að taka vel á móti og aðstoða farandverkafólk, alls staðar að, við að verða virkir þátttakendur í okkar góða samfélagi. Að þau verði VIÐ.


Berglind Einarsdóttir

ARCTIC FUN



Djúpavogsbúinn Maciej Pietrunko stofnaði nýverið fyrirtækið Arctic Fun. Hugmyndina hefur hann borið í maganum lengi en fékk svo styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands í vor til að láta drauminn rætast. Arctic Fun er ferðapjónustufyrirtæki og stefnir á að bjóða upp á kayakferðir í kringum Djúpavog ásamt því að leigja út kayakbáta til afnota. Í boði verða bæði einsmanns kayakar og tveggja manna en allur búnaður sem þarf nast í iðjunni, líkt og blautbúningar, björgunarvesti og fleira, verður til taks fyrir viðskiptavinum. Maciej er mikill jaðariþróttamaður og náttúruunnandi og hefur mikla reynslu í þeim heimi. Hann stefnir á að hefja leika á sjómanna dagshelginni sjálfri og getur fólk nálgast frekari upplýsingar og bókað á heimasíðu Arctic Fun www.arcticfun.is

25 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI DJÚPAVOGSKIRKJU



„Hversu yndislegir eru bústaðir þínir Drottinn“

Vorið

„Birtan hefur tekið völd.
Fuglar syngja fram á kvöld.“

Svo kveður Kristján Ingimarsson í laginu *Vor* á nýútgefninni plötu sinni *Tilveran*. Vorið er uppáhaldsárstími hans eins og margra, þegar lífið rís upp úr vetrardvalanum og grasið grænkar. Það er tíminn þegar bændur taka á móti lömbunum og strandveiðibátarnir halda á miðin á ný. Við tökum út trampólín og grill og kannski einmitt í ár léttist lundin ennþá meira þar sem sér fyrir endann á faraldrinum. Líklega tengja mörg okkar við hugrenningar Kristjáns er hann segir: „Vorið kemur grænt og hlýtt. Það er eins og byrji allt upp á nýtt.“ Já það er margt um að vera þegar vorið kemur og fastur liður þess er koma farfuglanna, vorboðana ljúfu, sem koma fljúgandi inn til landsins. Þeir tengjast landinu okkar og menningu sterkum böndum eins og kvæði Jónasar Hallgrímssonar *Ég bið að heilsa ber glöggt merki*:

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í lágan dal, að kveða kvæðin þín.

Fuglar í Biblíunni og tengsl þeirra við trú og kirkjur

Koma vorsins á Djúpavogi endurspeglar í fuglahópunum sem koma aftur heim. Fuglarnir syngja inn vorið, sem gleður okkur og fyllir von og birtu, en fuglar koma líka mikið við sögu í trúarlegu samhengi. „Hann skýlir þér með fjöðrum sínum, undir vængjum hans mátt þú hælís leita,“ segir í Davíðssálmi 91. Orð sálsins eru eitt fjölmargra dæma þar sem trúin á Guð tengist fuglum, undir vængjunum er skjól að finna. Vængir fuglanna koma reglulega fyrir sem myndlíkingar, stundum til að flýja áhyggjur: „Ó, að ég hefði vængi eins og dúfan, þá mundi ég fljúga burt og finna hvíldarstað, mundi svífa langt burt“ (Slm 55). Þegar við erum áhyggjufull hvetur Jesús okkur til þess að líta til fugla himinsins sem treysta Guði (Matt 6.25). Við erum jafnframt minnt á að við hvorki vitum allt né stjórnum: „Hefur örninn sig til flugs eftir þinni skipun og gerir sér hreiður hátt uppi?“ Hver færir hrafninum bráð eða veitir fuglunum skilning? (Job 38-39). Vitum við allt um fuglana? Vísindin og trúin geta verið góðir samstarfsfélagar að mínu mati, þegar vísindin geta ekki svarað spurningum okkar kemur trúin við sögu: Drottinn hrópaði af fjallinu: „Ég hef borið ykkur á arnarvængjum og flutt til mín“ (2Mós 19).

Fuglar koma mikið við sögu í Biblíunni og myndlíkingar þeim tengdum. Það er áhugavert kannski ekki síst fyrir okkur Íslendinga sem tengjum vorið við komu farfuglanna. Hreiðurgerð fuglanna á vorin, egg þeirra og lífið sem sprettur fram tengist páskunum og upprisu Krists. Í Biblíunni er það tákn fyrir heilbrigði og frjósemi þegar fuglarnir gera sér hreiður og syngja. Það er því óhætt að segja að við á Djúpavogi getum tengt við þessar hugmyndir Biblíunnar um frjósemi, græna jörð og fjölskrúðugt fuglalíf, þegar hópar farfugla koma til landsins bæði með millilendingu hér eða eru komnir heim. Þá minnir það okkur á að „þeir sem vona á Drottin fá nýjan kraft, þeir fljúga upp á vængjum sem ernir“ (Jes 40.31). Örninn sem flýgur fugla hæst er líka tákn skírnarinnar og upprisu Krists.

Það er skemmtilegt að segja frá því að í Biblíunni tengjast kirkjubyggingar stundum fuglum og í 84. Davíðssálmi hugsar ljóðmælandinn hlýlega til kirkjunnar: „Hversu yndislegir eru bústaðir þínir Drottinn.“ Og áfram heldur lýsingin: „Jafnvel fuglinn hefur fundið hús og svalan á sér hreiður þar sem hún leggur unga sína.“ Fuglarnir sem verpa í kringum kirkjur tákna frelsið og öryggið í návist Guðs. Svalan táknar jafnframt gleði trúarinnar. Sagan af svölunni við musterið í Jerúsalem er forn, en við kirkjuna á Djúpavogi verpir tjaldur, þar eru gæsir og lóur og svona mætti lengi telja.

Fyrsta skóflustungan „minnistæð athöfn og hátíðleg“

Þegar gamla kirkjan á Djúpavogi var orðinn of litil var ráðist í stórhuga framkvæmdir við byggingu nýrrar kirkju. Fyrsta skóflustungan var tekin af Ingimar Sveinssyni 21. júlí 1991. Hvítir borðar sem mótuðu útlínur kirkjunnar voru settir upp eins og sjá máa meðfylgjandi mynd. „Athöfnin var mjög minnistæð og hátíðleg, þó kalt væri úti var athöfnin hlý fyrir hjartað og notaleg,“ segir

Ómar Bogason sem á þessum tíma var formaður sóknarnefndar. Sonur hans Helgi Snær var jafnframt skírður þennan dag. Í pósti til undirritaðs í kjölfar þess að haft var samband við Ómar, vegna þessa minnistæða atburðar sem bygging nýju kirkjunnar var, minnist Ómar fyrstu skóflustungunnar og byggingar kirkjunnar með hlýhug. Eftir að fyrsta skóflustungan hafði verið tekin „tók við skemmtilegur en krefjandi tími við byggingu kirkjunnar. Vissulega var í miklu ráðist en kirkjan er gott dæmi um hvernig lítið samhent samfélag getur lyft Grettistaki. Við unnum verkefnið eftir efni og aðstæðum, margar hendur hjálpuðust að, söfnuðum frjálsum framlögum og fengum góðan stuðning m.a. úr Kirkjubyggingasjóði. Dugnaður og velvild þeirra sem byggðu kirkjuna skipti líka miklu máli.“ Það eru mörg handtökin sem komu að byggingu kirkjunnar og ómögulegt að telja upp alla þá sem lögðu hönd á plóg. Fimm árum síðar, þann 19. maí 1996, var kirkjan vígð. „Það var gefandi og gleðilegt að sjá hvítu borðana verða að grunnni, veggjum, þaki og gluggum. Verða, þegar allt var komið saman, að kirkju samhugs, umburðarlyndis og kærleika sem mér finnst allaf jafn dásamlegt að sjá þegar keyrt er inn til Djúpavogs. Vígsluathöfnin þann 19. maí með nýjum stólum, fallegum innréttingum frá Birkitré og krossi frá Álfasteini líður seint úr minni.“ Trúin og kirkjan eru samofin sögu Djúpavogs. Það er magnað að svo stór og falleg kirkja sem sækir innblástur í helsta kennileiti staðarins, Búlandstind og sterkasta tákn trúarinnar, krossinn hafi verið reist á Djúpavogi.



21. júlí 1991



Kirkjan í byggingu



Gjöf frá kvenfélaginu Vöku; rykkilín & stóla

Hátíðarguðsþjónusta á vígsluafmælinu

Af tilefni 25 ára vígsluafmælis kirkjunnar verður hátíðarguðsþjónusta á hvítasunnu. Sunnudaginn 23. maí kl. 14 verður guðsþjónusta og kaffiveitingar í umsjón kvenfélagsins Vöku á eftir, ef sóttvarnareglur heimila það á þeim tíma. Á þessum tímamótum minnumst við byggingu kirkjunnar með þakklæti og tókum fagnandi á móti vorinu. Vonandi skín sólin þannig að við getum öll átt samfélag í sólinni með kaffibolla að lokinni hátíðlegri stund í kirkjunni okkar fallegu.

Kross reistur við kirkjuna

Sóknarnefnd ásamt prestri hefur í vetur unnið að því að skipuleggja uppsetningu á krossi við kirkjuna, en fjölmargir hafa nefnt það við mig í spjalli að það vanti kross við kirkjuna. Ari Guðjónsson hefur smíðað kross úr gömlu bryggju efni sem verður reistur á klettinum við kirkjuna að þessu tilefni. Er hann teiknaður í sömu hlutföllum og krossinn við altarið í fullu samráði við arkitekt kirkjunnar, Björn Kristleifsson. Krossinn verður helgaður í guðsþjónustunni á hvítasunnu. Mig langar að þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað við skipulagningu og uppsetningu á krossinum eins og Egil, starfsmenn SG véla og Rúnar hjá Múlapingi. Sérstakar þakkir fær Hreinn Guðmundsson sem ávallt er boðinn og búinn til að rétta fram hjálparhönd.

Barna- og æskulýðsstarfið tók fagnandi á móti vorinu

Þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi sett strik í reikninginn í kirkjustarfinu, hefur barna- og æskulýðsstarfið verið líflegt í kirkjunni í vetur. Á tímabili var barnastarfið bannað en þess utan hefur gengið vel að halda því úti og mætingin frábær. Þriðjudaginn 11. maí kvöddum við veturinn og tókum á móti vorinu og sumrinu með pylsuveislu á Neistavellinum, þar sem farið var í leiki og hoppað á hoppubelgnum. Mig langar til að þakka Ásdísi Heiðdal og Kjörbúðinni fyrir að bjóða krökkunum okkar í pylsuparty, ómetanlegur stuðningur.

Gjöf frá Kvenfélaginu

Þegar nýja kirkjan var vígð voru veitingar reiddar fram að athöfn lokinni. Það þarf vart að taka það fram en kvenfélagið Vaka sá um veitingarnar. En félagið hefur unnið óeigingjarnt og ómetanlegt starf í þágu samfélagsins allt frá stofnun þess 6. desember 1928. Djúpavogskirkja hefur sannarlega notið góðs af starfsemi kvenfélagsins og nýlega fékk kirkjan gjöf frá kvenfélaginu, rykkilín og stólu. Án félagasamtaka og sjálfboðaliða í samfélagi eins og á Djúpavogi væri samfélagið fátækara. Gróska, hugmyndaauðgi og samkennd eru hugtök sem ná ágætlega utan um starfsemi félaganna okkar. Megi góður Guð blessa starf þeirra og megi það verða gæfuríkt og jafn blómlegt eins og fuglalífið við voginn fagra.

Megi góður Guð blessa ykkur kærur vinir og safnaðarstarfið í kirkjunni okkar um alla framtíð. Ég trúi því að „eins og hænna safnar ungum sínum undir vængi sér“ (Lúk 13.34) vaki Guð yfir okkur, að verk Jesú verði okkur alltaf fyrirmynd og dúfan sem táknar heilagan anda Guðs dvelji meðal okkar. Að lokum bið ég þess að „friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, muni varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.“

Sr. Alfreð

ARS LONGA – SAFNIÐ Í VOGSHÚSINU



Titillinn er fenginn úr latneska frasnum *Ars longa vita brevis* sem þýðir: listin er löng, lífið er stutt. Við ákváðum að nota aðeins þann hluta frasans sem segir: Listin er löng.

Safnið mun starfa sem alþjóðlegt samtímalistasafn með aðaláherslu á myndlist, en einnig vettvangur fyrir aðrar listgreinar svo sem dans, leiklist, tónlist og ritlist, svo eitthvað sé nefnt.

Stefnt er að því að safnið verði með starfsemi allan ársins hring. Til þessa að svo megi verða hyggjumst við m.a. tæknivæða safnið svo hægt sé að halda stafræna listviðburði og senda héðan og deila hér öðru sem er að gerast annars staðar. Mikil áhersla verður lögð á að halda sýningar á því besta, mögulega framboði á samtímalist.

Þetta safn hefur verið í undirbúningi í nokkur ár. Við opnun Rúllandi snjóbolta í Bræðslunni 2016 gáfum við tveir og Hrafnkell Sigurðsson listaverk sem upphaf af listaverkaeign safnsins. Eiginlega var þá fyrsta skóflustungan tekin, á táknrænan hátt.

Við teljum að staðsetning þessa alþjóðlega safns, Djúpvogur sem sagt, sé sérstaklega hentug vegna þeirrar reynslu sem þar hefur skapast við framkvæmd og þátttöku íbúanna síðasliðin sjö ár með Rúllandi snjóbolta sýningunum og frábærum áhuga á þeirri menningarstarfsemi. Djúpvogur er auk þess náttúruperla og aðgengileg með flugi til Egilstaða og höfnina á Seyðisfirði. Rúllandi snjóbolta sýningar og þá Djúpvogur, eru líka orðin vel þekkt innan listheimsins.

Safnhúsið mun verða teiknað af Ásmundi Hrafn Sturlusyni hjá Arkitektastofunni Kurt og Pí. Áætlað er að fyrsti áfangi verði kominn í gagninu um mitt ár 2022. Grafísk hönnun fyrir safnið verður í höndum Arnars Freys Guðmundssonar hjá Studio Studio.


Safnið er sjálfseignarstofnun og stjórn hennar skipa:

Fríða Björg Ingvadóttir, rektor Listaháskóla Íslands, Greta Mjöll Samúelsdóttir, verkefnastjóri hjá Múlapingi, Jóhann G Jóhannsson, fjármálastjóri, Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, listfræðingur og fyrrum safnstjóri Listasafns Kópavogs og við myndlistarmennirnir og stofnendurnir Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon.

Djúpvog, maí 2021.

Sigurður Guðmundsson.

KALLABAKKI



Flest hafa eflaust rekið augun í nýjar skreytingar á Kallabakkanum í miðbæ Djúpvogs. Myndirnar eru úr ljósmyndaseríu Jessicu Auer fyrir Áfangastaðinn Austurland þar sem áhersla var lögð á daglegt líf á Austurlandi. Uppsetning skiltanna er eitt af síðustu verkum fráfarandi atvinnu- og menningarmálanefndar gamla Djúpvogshrepps, fyrir sameiningu. Þau eru gott dæmi um birtingamynd Cittaslow á Djúpvogi þar sem þorpið er skreytt með fólkinu sem þar býr og lifir sínu lífi.

FRÁ HEIMASTJÓRN

Nú er um það bil þriðjungur liðinn af yfirstandandi kjörtímabili þessarar fyrstu heimastjórnar á Djúpavogi. Fundað hefur verið tólf sinnum og skipulagsmálin hafa verið fyrirferðamest fram að þessu enda er það í samræmi við erindisbréf heimastjórnar. Þar að auki var kominn töluverður þrýstingur á að þessum málum yrði hraðað vegna fjölda mála sem biðu afgreiðslu og mikils uppgangs í gamla Djúpavogshreppi, en frá árinu 2015 hefur íbúum fjölgað um 20%.

Nú liggur fyrir deiliskipulag fyrir efri hluta Borgarlands og nýtt deiliskipulag fyrir neðsta hluta Borgarlands og iðnaðarsvæði við Innri-Gleðivík eru væntanleg. Þá liggur fyrir áframhaldandi vinna við deiliskipulag á fleiri stöðum til þess að tryggja grunninn fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Það er líka afar ánægjulegt að sjá uppbygginguna raungerast en nú eru hafnar framkvæmdir við kassaverksmiðju á Gleðivíkursvæðinu, undirritaður hefur verið samningur vegna byggingar íbúðarhúss í Borgarlandi, fyrsta skóflustungan hefur verið tekin að raðhúsi við Markarland, körfuboltavöllur í Blánni er væntanlegur á næstunni, auk fleiri verkefna sem eru í pípunum.

Heimastjórn á Djúpavogi fundar að öllu jöfnu fyrsta mánudag í mánuði en fastir fundir bæjarstjórnar eru í vikunni á eftir. Íbúar geta sent inn erindi skriflega til fulltrúa sveitarstjóra á skrifstofuna í Geysi eða í tölvupósti eidur.ragnarsson@mulathing.is. Erindi þurfa að berast fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn fyrir fund. Auðvelt á að vera að ná í heimastjórnarfólk og netföng heimastjórnarfólks eru:

Jódís Skúladóttir: jodis.skuladottir@mulathing.is

Kristján Ingimarsson: kristjan.ingimarsson@mulathing.is

Ingi Ragnarsson: ingi.ragnarsson@mulathing.is

Heimastjórn hefur sett á laggirnar Facebook síðu sem eingöngu er ætluð íbúum svæðisins þar sem sagt er frá því helsta sem er á döfnni. Einnig er hægt að senda ábendingar og fyrirspurnir.

Með ósk um gleðilegt sumar,
Heimastjórn á Djúpavogi.

**NÁÐU Í APPIÐ
OG BYRJADU
AÐ SPARA**

**MEIRI
AFSLÁTTUR
OG FRÁBÆR
TILBOÐ!**

**GILDIR
Í YFIR 60
VERSLUNUM
UM LAND
ALLT**

50.000 kr.
Inneign

nettó
netverslun

bílar
kvittanir

QR code

samkaup
VERSLUN VIÐ HENDINA

Home Greiða Fleira

HUGMYNDAFRÆÐI CITTASLOW Í SKÓLASTARFINU



Í leikskólanum Bjarkatúni er unnið út frá hugmyndafræði Cittaslow í öllu starfi. Það gerum við með því að fara reglulega í gönguferðir um nærumhverfi leikskólans og auðvitað tínum við allt rusl sem við sjáum á leiðinni. Þá vinnum við úr gönguferðunum bæði í kubbastarfinu þar sem þau byggja úr því sem þau sjá eða byggja út frá samræðum sem eiga sér stað meðal kennarans og nemendanna. Þannig hafa þau m.a. byggt vinnustaði foreldra sinna, Rakkaberg með því að skoða ljósmyndir af því, bíla og vegagerð. Í listasmiðju vinna þau einnig verkefni út frá því sem þau skoða í gönguferðum en þau hafa málað Búlandstind, Bóndavörðuna og fuglana sem fljúga yfir leikskólann þegar þeir koma til landsins auk annarra verkefna. Þá unnum við eitt verkefni sem er Cittaslow snigillinn en hann var málaður á svamp sem límdu var á karton og síðan teiknuðu nemendur húsin í þorpinu og límdu ofan á snigilinn.



Bóndavarðan



Bóndavarðan



Búlandstindur



Búlandstindur

THOMSONÍT

Thomsonít er kennt við skoska efnafræðinginn Th. Thomson. Steindin hefur þó annað eldra nafn eða Farólít sem kennt er við Færeyjar og er það sökum þess hve mörg einstök eintök koma frá Færeyjum. Steindin tilheyrir flokki Zeólíta og má meðal annars finna í landi Teigarhorns. Myndirnar eru af Thomsonít ca sem er mjög fágætt afbrigði.

TEIGARHORN

HÆGLÆTI Í HUGA

Eftir Ágústu Margréti Arnardóttir

Nýlega var stofnuð hægletishreyfing á Íslandi. Stjórn hreyfingarinnar skipa 10 ólíkar konur á höfuðborgarsvæðinu, í Noregi, Svíþjóð, Nýja Sjálandi og auðvitað hægletisbænum Djúpavogi. Hægletishreyfingin er ekki beintengd Citta Slow þó áherslurnar séu þær sömu. Stjórn hreyfingarinnar heldur úti heimasíðu, samfélagsmiðlun, hefur gefið út 3 blaðvarpsþætti og nokkra blogg pistla. Áherslan er á hægletí í lífi, starfi, samskiptum, uppeldi og víðar eða eins og fram kemur á heimasíðunni www.haeglæti.is:

„Hægletí er svar við hraða og streitu samfélagsins sem leiðir marga inn í kulnun, kvíða og uppgjöf. Hægletí er val um að lifa meðvitaður og að hafa stjórn á og val um það hvernig maður ver tíma sínum. Það er að vera meðvitaður um að maður hefur alltaf val um ákvarðanir og aðstæður og þar með að upplifa sig ábyrgan fyrir eigin líðan, heilsu og samskiptum sínum við aðra.

Að lifa í hægletí er að vera í núvutund, að vera vakandi og með athygli á núliðandi stund.

Að heyra vel og hlusta, að anda og njóta, að velja meðvitað að takmarka streitu,

taka sér minna fyrir hendur og gera færri hluti. Að beina athyglinni frekar að því að vera, í stað þess að vera upptekinn af því að gera æðislega mikið.“

Hægletishátíð

Stjórn hægletishreyfingarinnar hefur fundað með Carl Honoré talsmanni hægletis, höfund bókarinnar *Praise of slow the slow movement*, TED talk fyrirlesara og fleira. Hann hefur mikinn áhuga á að vinna með stjórn hægletishreyfingarinnar að hægletishátíð árið 2022 og var Djúpvogur nefndur sem álitlegur staður til að halda slíka hátíð. Það er ekki spurning í mínum huga að það væri meiriháttar tækifæri að fá að hýsa hátíðina, fyrir allt bæjarfélagið og gesti okkar.


Við hér á Djúpavogi þekkjum orðið vel stefnu Citta slow í td. umhverfismálum, sjálfbærni, flokkun og fleira en mín áhersla er á HÆGLÆTI Í HUGA OG GRÓSKU HUGARFAR. Sjálf þekki ég streitu, þreytu, vonleysi og vanlíðan af völdum hraða, áreitis og óraunhæfra krafa allt of vel. Hægletí hefur hjálpað mér að öðlast betra líf. Það er bara þannig. Geri ég allt lötur hægt og á „slow motion“? Nei, í hægletí má alveg hamast, hlaupa, dansa, syngja hátt og hafa gaman. Munurinn er að stjórna látunum sjálf. Ekki hröð stjórnlaus læti- heldur hæg læti.

Þetta er sumt af því sem hefur reynst mér rosalega vel og gott er að hafa í huga:

- Við þurfum ekki að sanna okkur eða ná einhverjum sérstökum áfanga til að vera einhvers virði og elskuverð/ur.
- Hamingjan er ekki handan við hornið, í næstu háskólagráðu eða þegar þú ert búin/ að missa 5 kg. Hún birtist ekki þegar þú ert búin að taka húsið í gegn, vinna þig upp í vinnunni, eignast maka, barn eða börn og ekki heldur þegar þú ert búin að fá visst mikið af „like“. Hamingjan er raunverulega hér og nú, við þurfum bara að hægja á og heypa henni inn.
- Tökum sögu, sigra, sorgir og klúður í sátt. Þessir hlutir hafa stjórnað of lengi. Takt þú stjórnina. Þegar hugurinn fer í neikvæðni og niðurrif segðu: „hættu, ég ætla ekki að leyfa þér að tala svona við mig, þú ert bara hugsanir mínar og ímyndanir, ekki sannleikur og raunveruleiki.
- Ef vissir atburðir í lífi þínu hoppa oft upp í huga okkar og við hugsum „bara ef þetta hefði ekki gerst, ef ég hefði ekki gert þetta, ef hann/hún hefði ekki gert þetta, ég get þetta ekki út af þessu, af hverju gerðist þetta?“ Þá þurfum við raunverulega að vinna okkur í gegnum þessa atburði eða henda þeim út á hafsjó. Fortíðin á ekki að stjórna framtíðinni. Að lifa með svona hugsnum er eins og að vera alltaf með 50 kílóa bakpoka. Til þess að komast áfram, þarf að taka upp úr bakpokanum og létta á sálinni. Hún/ við eigum ekki skilið að þetta dragi okkur niður.
- Það er mjög líklega engin annar að fara að taka af þér bakpokann eða „bjarga“ okkur. Það er alltaf einhver einhversstaðar sem getur aðstoðað okkur en mesta vinnan er hjá okkur sjálfum og fyrsta skrefið er að ákveða að gera breytingar.
- Það eru engar skyndilausnir, kúrar eða töfraráð. Þeir sem lifa góðu lífi þurfa að hafa fyrir því.
- Það hjálpar engum að öfundast, pirrast og tókast út í þá sem hafa það gott og gera góða hluti. Það er tækifæri til að samgleðjast og hugsa: „ef þau geta það, þá get ég það“ Því af hverju í ósköpunum ætti það að vera hlutskipti annarra að hafa það gott en ekki okkar? Það er glórulaust en hugurinn gæti reynt að segja okkur annað.
- Farðu til baka þegar þú varst barn og hafðir enn trú á þér. Kannski þarftu að fara til þess tíma sem þú varst ungabarn. En trúðu mér, þú fæddist með trú á sjálfa/n þig. Finndu þessa trú aftur. Annað er tímasóun og lífsskerðing.

Þegar við finnum svör við þessu, erum við færari um að lifa innihaldsríku og heilu lífi:

- Hvað þarf ég raunverulega?
- Hvað langar mig raunverulega?
- Hver eru lífsgildi mín?
- Hvernig ætla ég að nýta þann tíma sem ég hef í þessum heimi sem best og lifa því lífi sem mig dreymir um?
- Hvað stendur í vegi fyrir mér og hvernig ætla ég að vinna mig í gegnum það?



Mín leið til að finna svörin var að hægja á huganum, fækka flækjum og óþarfa í lífi mínu, fókusa á það góða, sína þakklæti, læra hvernig heilinn virkar, leita eftir fróðleik, verkefnum og öðru sem auka færni mína, skora mig á hólmi og gera mig glaða.

Hugmyndir af hægætis iðkun á Djúpavogi:

- Tásuganga á söndunum- segulsvið jarðar hleður okkur þegar við erum í beinni snertingu við náttúruna. Að fara úr sokkum og skóm og ganga um í okkar náttúrulega „skóbúnaði“ gefur okkur raunverulega orku.
- Núvitundarganga í skógræktinni- að ganga í þögn ein/n og í hóp, hlusta á laufin, heyra fótspor okkar, taka eftir lækjanið og fuglasöng er ein besta hugarræktar- og hægætisæfing sem hægt er að iðka. Ekki verja að faðma nokkur tré á leiðinni og þakka móður náttúru fyrir allt sem hún gefur okkur.
- Að sitja hjá flæðarmálinu- Við eigum endalaust af fallegum víkum og töngum. Að koma sér vel fyrir á slíkum stað og horfa út á hafið, lesa góða bók, hlusta á hljóðbók eða hlaðvarp (mæli með hægætis hlaðvarpinu) þrjóna, teikna eða bara hugsa, í ró.
- Óvissuferðir með nesti- skelltu ávöxtum, samlokum, súkkulaði eða jafnvel matarmikilli súpu í hitabrúsa í tösku á bakið og gakktu af stað, eitthvert. Taktu eftir undri náttúrunnar sem umlykur okkur allstaðar. Sestu svo og njóttu nestis og lífsins. Morgunmat og kvöldverð ÞARF EKKI nauðsynlega að borða heima í eldhúsi og eldamennska þarf ekki að taka allan daginn. Það má líka skella skyrdós, rjóma, mini pizzum og harðfisk í poka og borða það upp á Brenniklett.

Sorp móttakan Háaurum



Opnunartími allan ársins hring

13:30 - 16:30 þriðjudaga og fimmtudaga
13:30 - 15:30 laugardaga



Þjónustumiðstöð Djúpavogs



Múlaþing
 Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

Uppeldi til ábyrgðar eða Uppbygging sjálfsaga felur í sér að kenna nemendum sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn hjá nemandanum. Stefnan byggir á því að aðstoða nemendur við að ræða um tilfinningar sínar og að átta sig á því hverjar grunnþarfir þeirra séu. Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði, aðferð og leið til að ýta undir:

- jákvæð samskipti
- sjálfstjórn og sjálfsaga
- ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- að læra af mistökum í samskiptum
- að þekkja styrkleika sína

Samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar eru grunnþarfir einstaklinga fimm. Flestir hafa fleiri en eina ríkjandi þörf. Öll hegðun hefur tilgang en þegar við þekkjum þarfir okkar reynum við að uppfylla þær sem best án þess að það sé á kostnað annarra.

Þær eru;

- **Ást og umhyggja** sem við túlkum með hjarta. Hjartað vill tilheyra félagslega og vera hluti af hóp. Nemandinn vill taka þátt, vill deila með öðrum og er góður í samvinnu. Þörfinni er uppfyllt með samskiptum við aðra og að vera samþykktur. Þörfin að tilheyra birtist í gegnum fjölskyldu, vináttu, traust og hjálpsemi
- **Áhrifavöld og stjórn** sem við túlkum með stjörnu. Stjarnan vill standa sig vel. Nemandinn verður að vera vel skipulagður áður en hann framkvæmir hluti, hefur mikla þörf fyrir hrós og viðurkenningu, stundum stjórnsamur, kappsamur, öruggur í framkomu og skipulagður. Áhrifaþörfin er fullnægð með góðri frammistöðu og viðurkenningu.
- **Frelsi og sjálfstæði** sem við túlkum með fiðrildi. Fiðrildi vill taka eigin ákvarðanir og tekur gjarnan áhættu. Nemandinn vill hafa valmöguleika, hefur þörf fyrir sveigjanlegt umhverfi, vill alltaf prufa eitthvað nýtt og sýnir stundum óvenjuleg uppátæki. Einstaklingurinn lifir í augnablikinu, gerir það sem hann vill og er oft óskipulagður
- **Gleði og ánægja** sem við túlkum með blöðru. Nemandi sem er blaðra hefur mikla þörf fyrir gleði og ánægju er hamingjusamur, áhyggjulaus og hefur kímniþáfu. Hann gerir oft að gamni sínu og hlær að sjálfum sér og öðrum. Hann er sáttur við umhverfið og hefur yfirleitt gaman af öllu í lífinu. Orka einkennir þessa manneskju og gleðiþörfinni hans má sýna með leik, námi, sköpun og hlátri.
- **Öryggi og lífsafkoma** sem við túlkum með húsi. Sú þörf snýr að líkamlegum þörfum sem allir hafa og þurfa að fá uppfyllta með einhverjum hætti til að dafna í lífinu, þ.m.t. húsaskjól, fæðu, heilsu, fjölskyldu, klæði eða hvað annað sem veitir öryggi. Einstaklingur sem á í erfiðleikum með að uppfylla þessa þörf gerir ekki mikið annað því þetta er kjarnaþörf og gengur fyrir öllu. Henni þarf að fullnægja áður en hægt er að sinna öðrum þörfum.

Leikskólinn Bjarkatún hefur farið á tvö námskeið um hugmyndafræðina Uppeldi til ábyrgðar. Bæði með grunnskóla Djúpavogs, annað í grunnskólanum í nóvember 2019 og hitt í fjarfundabúnaði í nóvember 2020. Innleiðing hugmyndafræðinnar tekur 2-3 ár og eru kennarar Bjarkatúns alltaf að bæta við sig þekkingu.

Á Krummadeild er unnið með Húsið eða öryggið og fá kennarar myndir hjá foreldrum sem þeir setja upp í hús fyrir hvert barn. Barnið getur svo alltaf farið að húsinu sínu og fundið öryggi yfir myndum af þeim sem eru í húsinu þeirra.

Á Kríudeild höfum við farið yfir grunnþarfirnar hjá elstu börnunum og sett upp í mynd sem börnin gera og hengja upp á vegg svo bæði kennarar og börn muni hvaða grunnþarfir barnið er að uppfylla.

Einnig hafa starfsmenn fundið út sínar grunnþarfir og gert óróa sem er inni á kaffistofu. Þar sjáum við hverjar grunnþarfirnar eru.

Hægt er að fá meiri upplýsingar um Uppeldi til ábyrgðar inn á uppbygging.is

GSS



Listaverk eftir Sigurð Guðmundsson
gert í minningu Hans Jónatans
Vígt á Djúpavogi 10. júlí 2021

AÐ BÚA Á FRIDLÝSTU SVÆÐI



Þegar við fjölskyldan fluttum frá Reykjavík til Djúpavogs árið 2016 varð Teigarhorn fljótt okkar upphaldsstaður. Það var eitthvað við þessa náttúruparadís sem heillaði okkur og svæðið varð fljótt eitt það fyrsta sem við sýndum vinum og fjölskyldu. Ekki grunaði okkur að tveimur árum seinna myndum við búa á Teigarhorni en í lok árs 2017 er Rúnar maðurinn minn ráðinn þangað sem landvörður með heilsársbúsetu. Það er ekki hægt að segja annað en að það hafi lagst vel í alla fjölskylduna. Í flutningunum yfir á Teigarhorn sagði eldri strákurinn minn við mig þegar, ég var að skammast yfir snjónum: „Mamma, þetta er náttúran að gleðjast yfir því að við erum að koma og passa upp á hana.“ Flóknara var það ekki.

Það eru óumdeilanlega gríðarleg forréttindi fyrir okkur fjölskylduna að fá að búa á stað sem þessum, enda er þetta eitt fallegasta bæjarstæði landsins. Við fjölskyldan njótum þess að fara í kvöldgöngu og sitjum og horfum á sólarlagið saman. Við tökum gönguferðirnar lengra og finnum nýja staði eins og litla fossa sem strákunum okkar finnst gaman að sula í. Það er þó ekki eintómur leikur að búa hér og þó að hér sé ekki hefðbundinn búskapur þá fylgir því að búa á friðlýstu svæði ýmislegt annað. Maðurinn minn sinnir svæðinu en öll fjölskyldan hjálpast að við hin ýmsu verk sem vinna þarf. Þar má nefna að við sinnum æðarvarpinu í landi Teigarhorns fyrir sveitarfélagið en auk þess hafa allir fjölskyldumeðlimir tekið á móti ferðafólki sem finnst áhugavert að heyra af því hvernig er að búa á stað eins og Teigarhorni. Kísan okkar tekur meira að segja þátt en hún hefur tekið það að sér að taka á móti öllum ferðamönnum og hefur verið vel tekið. Þær eru ófár myndirnar sem hafa verið teknar af henni og er vinsælt að reyna að stilla henni upp fyrir framan Weyvadts húsið. Fyrir utan þetta er ótal margt annað sem þarf að gera eins lagfæringar á göngustígum, týna rusl, almennt viðhald og svona mætti lengi telja. Við leggjum okkur því öll fram um að halda svæðinu hreinu og heilu til að geta skilað því í betra ástandi en við tókum við því, þegar þar að kemur.



Að búa á ferðamannastað hefur þó sína galla eins og annað. Hér kann að vera mikill umgangur fólks á öllum tímum sólarhringsins og það kemur fyrir að fólk banki upp á hjá okkur, en við höfum til dæmis lent í því að fá óvænta heimsókn á aðfangadag. Ég viðurkenni líka fúslega að stundum getur það tekið á að vera með fólk í hlaðinu hjá sér að létta á sér. En sem betur fer er lítið um það og flestir sem heimsækja svæðið ganga um það með alúð.

Með sumarið handan við hornið fer ferðafólki að fjölga eftir því sem slaknar á sóttvarnarreglum. Teigarhorn mun vera opið eins og svæðið er, allt árið, og er það kjörið til að taka létta göngu og njóta umhverfisins. Það myndi gleðja okkur að fá fleiri heimamenn til að njóta svæðisins með okkur, en þetta er jú paradís sem er okkar allra til að njóta í sátt við umhverfið.

Höfundur er leigjandi á Teigarhorni

FRÁ UNGMENNNAFÉLAGINU NEISTA

Fréttir af starfinu í vetur og því sem er framundan í sumar

Eins og áður hefur Neisti haldið úti íþróttæfingum fyrir börn og ungmenni á Djúpavogi í vetur. Við höfum boðið uppá æfingar í knattspyrnu fyrir börn frá elsta árgangi leikskólans uppí 10. bekk og æfingar í íþróttum fyrir grunnskólabörnin. Skák var í boði fyrir hluta vetrar en ekki hefur tekist að ráða sundþjálfara frekar en undanfarin ár og er það miður.

Þátttaka hefur verið mjög góð. Um 70 börn eru skráð í knattspyrnu, þar af 11 leikskólabörn og um 55 iðkendur eru skráðir í íþróttir og mætingar eru mjög góðar. Alls stunda um 90% grunnskólabarna æfingar á vegum félagsins og er það frábær þátttaka. Neisti hefur haldið áfram samstarfi við Sindra í knattspyrnu yngri flokka og fara milli um 32 iðkendur Neista, í 5. flokki og uppúr, reglulega á æfingar á Hornafjörð. Krakkarnir munu keppa undir merkjum Sindra/Neista á Íslandsmótum í sumar, auk þess að taka þátt í ýmsum öðrum mótum. Stefnt er að því að fara með 8. flokk undir merkjum Neista á fótboltamót á Egilsstöðum en aðrir flokkar keppa þar undir merkjum Sindra/Neista. Eins og í fyrrasumar verða nokkrir heimaleikir spilaðir á Neistavellinum og verða þeir auglýstir vel. Íslandsmótið hófst nú í byrjun maí og skv. útgefna skipulagi frá KSÍ munu þrír heimaleikir fara fram á Djúpavogsvelli. Fyrsti leikurinn á Neistavellinum verður 19. júní en þá mætir 3. flokkur kvenna Völsungi. Næsti leikur verður 7. ágúst en þá tekur 3. flokkur karla, A lið á móti Val, Reykjavík og síðasti leikurinn verður 22. ágúst þegar 3. flokkur C lið keppir á móti ÍR. Hvetjum við alla heimamenn til að mæta á þessa viðburði og styðja við unga fólkið okkar.



Í vetur kom þjálfari úrvalsdeildarliðs Hattar í körfuknattleik í heimsókn, ásamt nokkrum úr liðinu og voru með æfingar fyrir Neistakrakka. Voru þeir mjög ánægðir með hversu góð mætingin var og hversu áhugasamir krakkarnir voru. Allir iðkendur Neista sem hafa áhuga á að sækja körfuboltaæfingar með Hetti eru hjartanlega velkomnir í Egilsstaði á æfingar.

Stjórn Neista hefur unnið að ýmsum málefnum í vetur, þó ýmislegt hafi þurft að fella niður. Ekki tókst að halda jólabingó eða hina sívinsælu spurningakeppni en vonir standa til að það verði hægt næsta vetur. Áfram er unnið að því að koma körfuboltavellinum niður í Blánni og standa vonir til að það gangi upp í byrjun sumars. Bréf til grenndarkynningar var sent til íbúa sem búa næst vellinum og er hægt að senda inn athugasemdir til 25. maí. Áætlað er að völlurinn verði tilbúinn í byrjun júní og við vonumst auðvitað til að það standist og hægt verði að spila körfubolta í Blánni í sumar. Krakkar og foreldrar hafa verið duglegir að safna flöskum til kaupa á körfuboltavellinum, en hann samanstendur af góðu undirlagi og tveimur stillanlegum körfum. Við þökkum Djúpavogsbúum fyrir að taka svona vel á móti okkur við flöskusöfnunina í vetur.

Íþróttasvæði Neista er í Blánni og er áfram unnið ötullega að því að bæta við mannvirkjum og styrkja íþróttastarfsemina á svæðinu. Neisti sótti um styrki til að koma upp Frisbígolfvelli í Blánni og veitti Múlaþing okkur 300.000.- styrk auk þess sem við biðum eftir svörum frá fleiri aðilum til að standa straum af kostnaði vegna vallarins. Þá verður Panna völlurinn sem keyptur var í fyrra settur aftur upp í sumar. Fleiri aðilar á Djúpavogi hafa komið að því að byggja upp aðstöðu í Blánni og stefnir í að frekari uppbygging á svæðinu haldi áfram.

Búið er að festa kaup á nýjum, stórum mörkum sem verða tilbúin til notkunar í byrjun sumars og til stendur að festa kaup á millistærð af mörkum síðar í sumar. Þá hefur stjórnin fjárfest í gámi sem settur verður sunnan við fótboltavöllinn en þar verður hægt að geyma öll áhöld og tæki sem þarf til íþróttaiðkunar og verður það mikil framför og bæting við aðstöðuna. Í fyrra sumar fengum við að gjöf frá Fljótaldalshéraði „gömlu“ hástökkdýnnuna sem var á Vilhjálmsvelli og kemur sú gjöf sér afskaplega vel.

Múlaþing tekur við Djúpavogshreppi sem stærsti styrktaraðili Neista en auk þess hafa Búlandstindur og Fiskeldi Austfjarða stutt myndarlega við félagið. Einnig niðurgreiðir Múlaþing æfingagjöld fyrir hvert barn 16 ára og yngri um 30.000.- á ári, sé barnið skráð í gegnum Nóra (breytist í Sportablar í vor). Alltaf er þó þörf á fjármunum til að reka félagið og mega áhugasamir styrktaraðilar gjarnan hafa samband við framkvæmdastjóra hafi þeir hug á að styrkja við rekstur félagsins. Fari styrkurinn yfir ákveðna upphæð fær viðkomandi fyrirtæki skilti með lógói sínu á völlinn og verður getið sem styrktaraðila þar sem það á við.

Múlaping tekur við Djúpavogshreppi sem stærsti styrktaraðili Neista en auk þess hafa Búlandstindur og Fiskeldi Austfjarða stutt myndarlega við félagið. Einnig niðurgreiðir Múlaping æfingagjöld fyrir hvert barn 16 ára og yngri um 30.000.- á ári, sé barnið skráð í gegnum Nóra (breytist í Sportabler í vor). Alltaf er þó þörf á fjármunum til að reka félagið og mega áhugasamir styrktaraðilar gjarnan hafa samband við framkvæmdastjóra hafi þeir hug á að styrkja við rekstur félagsins. Fari styrkurinn yfir ákveðna upphæð fær viðkomandi fyrirtæki skilti með lógói sínu á völinn og verður getið sem styrktaraðila þar sem það á við.

Helsta fjáröflunin í vetur hefur verið flöskusöfnun sem farið hefur fram á u.þ.b. 6 vikna fresti og verður því haldið áfram. Auk þess hafa verið seldar hreinlætisvörur, grímur o.fl og til stendur að selja fjölnota kaffimál á fyrsta leik sumarsins en þeir sem fjárfesta í slíkum bollum greiða eitt gjald og drekka síðan eins mikið kaffi og þeir geta í sig látið á leikjum og viðburðum sumarsins.

Djúpavogsdeildin verður haldin þriðja sumarið í röð og eru nú þegar farnar að berast sögur af leikmannakaupum og alls konar plotti til að ná að hampa hinum eftirsóttu eignabikar, sem Jón Friðrik var svo rausnarlegur að gefa deildinni í fyrra. Ekki náðist að spila úrslitaleikinn s.l. sumar vegna Covid-19 en stefnt er að því að hann fari fram í byrjun júní og eru það Hnaukabúið og Samsteypufélagið sem munu etja kappi í þeim leik.

Í sumar verður boðið uppá æfingar í frjálsum íþróttum, knattspyrnu og sundi nú er unnið að því að ganga frá ráðningum þjálfara. Skráningar verða auglýstar mjög fljótlega og fara þær fram í gegnum kerfið Sportabler/Nóri. Aðalfundur verður haldinn í lok maí, en þá verður einnig hreyfivika og Neistadagurinn og verða þessir viðburðir auglýstir þegar nær dregur.




Reikningar vegna félagsgjalda voru sendir út í byrjun árs sem valgreiðslur og var mjög ánægjulegt að sjá hversu margir íbúar hafa áhuga á að styðja við félagið.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neista minna enn og aftur á mikilvægi þess að hér sé áfram rekið öflugt ungmennafélag fyrir börn og ungmenni. Íþróttir eru ein besta forvörn sem til er og í gegnum íþróttir læra börn svo margt. Til þess að hægt sé að reka ungmennafélag þarf fjármagn og um leið og við þökkum þeim styrktaraðilum sem nú þegar sjá hag sinn í því að leggja félaginu lið óskum við eftir fleiri styrktaraðilum og geta þeir haft samband við framkvæmdastjóra hvenær sem er.

Munum svo að margar hendur vinna létt verk, hlökkum til að sjá ykkur á aðalfundinum og á Neistadeginum og svo að sjálfsögðu á vellinum í sumar.

Áfram Neisti.

Albert Jensson, framkvæmdastjóri



SÓLARRIS



Í ágúst á þessu ári eru 80 ár frá því að færæyskir sjómenn lentu í sjávarháska við Austfirði og við hæfi að minnast þess með einhverjum hætti. Eftirfarandi er orðrétt þýðing á Færeyskri frásögn sem skráð var af Heini F Petersen.

Sólarris var þriggja mastra skonnorta, byggð 1910 í Frakklandi. Árið 1929 var hún keypt til Þórshafnar í Færeyjum og fékk þá nafnið Ella. 1932 keyptu Jákup Jacobsen, Jákup í Stórustovu í Þórshöfn, J.E. Thomsens firma og Jóan Jákup Símonsens í Sandavogi hana. Þeir áttu hver sinn þriðjung og fékk hún þá nafnið Sólarris og var heimahöfn hennar Sandavogur. 23. október 1935 keypti J.T. Thomsen firma hlut Jákups Jacobsen og svo hlut Jóans Jákup Símonsens.

Vorið 1940 fór Sólarris í fraktflutninga, þrjár ferðir til Englands og eina ferð til Íslands. Stærsti hlutinn af þeim fiski sem Færeyingar veiddu í síðari heimsstyrjöldinni var saltaður og af því að illa gekk að selja saltfisk fóru Færeysku skipin að kaupa ferskan fisk á Íslandi til að selja í Skotlandi. Sólarris stundaði þessar siglingar fram á vetur en gerði þá hlé á þessum siglingum og byrjuðu svo aftur um vorið 1941.

Um miðjan ágúst það ár fóru þeir í fimmtu ferðina til Íslands. Átta manns voru um borð Petur á Steig skipstjóri, Johan Jóhansen stýrimaður, Alfred Jacobsen kokkur, Hans Simonsen, John Petersen, Gudmund Gudmundsen, og Dávur Magnussen voru hásetar, allir úr Sandavogi. Poul Andrias Joensen Durhuus frá Vestmanna var vélstjóri.

Farið var frá Sandavogi að kvöldi þann 14. ágúst. Mánudaginn 18. ágúst klukkan 10:30 sáu þeir land. Skipstjórinn taldi sig þekkja þar Dalatanga sem er við sunnanverðan Seyðisfjörð. Það var þoka og norðan átta og stóð vindurinn af landi. Þeir lágu og ráku til 15:30. Þá hafði lægt og vindur orðinn um fjögur vindstig en enn var þoka. Klukkan 19:30 vörpuðu þeir akkerum og um kvöldið lögði meira. Klukkan tvö aðfaranótt þriðjudags drógu þeir upp akkerin og sigldu af stað og siglt var til klukkan þrjú þá hvarf allt í þoku og myrkur og því var ákveðið að bíða þar til birti. Klukkan fimm um morgun sigldu þeir aftur af stað og tóku stefnuna á norðanverðan Seyðisfjörð.

Skipstjórinn stýrði og tveir menn voru framá að fylgjast með hvað var framundan. Annar stóð fram í stafni og hinn upp á kokkhúsinu þar sem búið var að útbúa pláss fyrir mann til að standa á. Fjórir sváfu aftur í og vélstjórinn var farinn niður til að huga að vélinni. Þá kvað við sprenging, eflaust tundurdufl. Þetta gerðist klukkan sex.

Skipið byrjaði strax að sökkva. Strax eftir sprenginguna komu Dávur og Alfred upp í stýrishús en þeir höfðu verið sofandi aftur í. Alfred slapp út og Dávur og Petur komu á hælana á honum. Alfred og Dávur auðnaðist að komast á björgunarflekann sem hafði verið fram á og kom fljótandi meðfram skipinu. Annar þeirra hafði úr í vestisvasanum og það slapp við skemmdir í sjónum en það átti eftir að koma sér vel síðar. Petur tafðist í nokkrar sekúndur þegar jakki hans festist í læsingunni á stýrishúsinu en skipið sökk svo skjótt að hann varð að synda af skipinu. Flekinn var nú kominn eina 25 faðma frá skipinu. Hann var góður sundmaður en illa gekk, sundið var erfitt þessa stuttu leið og dágóð stund leið áður en hann náði flekanum. Hann var í þungum leðurstígvélum og það voru þau sem höfðu gert honum erfitt fyrir.

Þegar þeir voru komnir á flekann sáu þeir stýrimanninn, Johan, en hann var svo langt í burtu að þeir náðu ekki til hans. Nú var skipið horfið og fimm manns vantaði. Á dekkinu höfðu verið tveir bátar, annar bundinn en hinn laus. Þeir vonuðu að annar báturinn myndi fljóta upp í góðu standi og að þeir kæmust í hann en enginn bátur kom. Það eina sem þeir sáu var smáspíta úr einum borðstokk sem flaut skammt frá.

Flekinn var lítill og mest allan tímann sem þeir voru á honum sátu þeir með fæturna í sjónum. Þeir voru frekar illa búnir, enginn þeirra var í olíufötum til að skýla sér fyrir veðri og vindum, Pétur var í stígvélum, hinir á sokkaleistunum, tveir voru í treyjum en Alfred var á nærfötunum. Til allrar hamingju var Pétur í jakka sem Alfreð fékk að fara í. Húfu og vettlingalausir voru þeir allir. Dávur, sem var trésmiður hafði smíðað flekann stuttu áður en þeir fóru af stað og var hann gerður úr átta olíutunnum. Ekki gátu þeir stjórnað flekanum þar sem engar voru árnar auk þess sem hann var ferhyrndur og þungur í vöfum.

Allan daginn var gott veður og kolsvartaþoka, um kvöldið fór að rigna og hvessti að norðan. Um miðnætti lægði og létti til og sáu þeir þá að þeir voru sunnan við Norðfjarðarhornið um það bil hálfjórðung frá landi. Skipstjórinn bjóst við að þá myndi reka inn á Sandvíkina, litla vík sunnan við Norðfjarðarhornið og vonuðust þeir til að fá fast land undir fætur þar. Svo kom þokan yfir aftur, nóttin leið og ekki komust þeir inn á Sandvík. Þar var heppnin kannski með þeim, því þar hefði aðeins verið hægt að lenda á einum stað og brimið var mikið til beggja handa sem hefði þeytt þeim á klettana og þeir hefðu ekki náð landi. Dauðinn hefði beðið þeirra þar og þó þeir hefðu komist í land voru engin hús við víkina.

Miðvikudagur 20. ágúst. Nú svarf hungrið að. Þeir tóku matarkassa upp sem hafði kex að geyma en einhverra hluta vegna hafði komið gat á kassann þegar skipið fórst og því var maturinn sjóblatur. Það kom þó ekki að sök, kexið er vel ætt þó að það sé svolítið salt hugsuðu þeir. En maginn hugsaði öðruvísi. Hann vildi ekkert með þetta saltaða kex hafa. Þeir ældu upp kexinu í hvert sinn sem þeir reyndu að éta það.

Vindurinn minnkaði fyrri partinn svo það var þolanlegt veður. Um miðjan daginn birti til og nú hafði þá rekið frá landi. Þeir mátu það sem svo að þeir væru fimm fjórðunga út frá Gerpi. Nú kviknaði von um björgun því að bjart var orðið og þeir sáu Færeyskt skip sigla norðureftir milli þeirra og lands en þá hafði rekið svo langt út að skipið varð þeirra ekki vart.

Nokkru síðar komu tvö færeysk skip siglandi norður með landinu og gerðu skipbrotsmennirnir sér nú vonir um að hamingjan yrði þeim hliðhollari í þetta skipti. Annað skipið stefndi í átt til þerra en þá kom þokan yfir og skipverjar sáu þá ekki og það sigldi framhjá. Þar með hvarf sú von. Stuttu síðar rofaði til og þá birtist þeim gleðileg sjón, skip með fullum seglum, skip sem þeir þekktu, merkt VA 10 Henry Frímann frá Sandavogi í Færeyjum, systurskip Sólarris frá Sandavogi. Þeir hrópuðu og veifuðu og gerðu allt hvað af tók. Nú bjuggust þeir við að þeim yrði bjargað og hrósuðu þeir happi yfir því að vinir og kunningjar skyldu rekast á þá hér. Þeir veifuðu í sífellu og hrópuðu og töldu víst að þeim yrði veitt athygli en það var til meins að flekinn var á hléborða, aftanvert við skipið. Smá stund leið og maður kom út úr stýrishúsinu og þeim virtist hann horfa beint í átt til þeirra. Hann stóð úti í stutta stund og fór svo aftur inn í stýrishúsið, til þess að láta skipsfélaga sína vita hvað hann hefði séð reiknuðu þeir með. Svo nálægt skipinu voru þeir að þeir sáu hendur mannsins þegar hann tók í hurðarhúinn á stýrishúsinu. Hann var berhentur og dökk peysuermin náði fram á úlnliðinn. Hann kom hlaupandi út aftur svo að nú efuðust þeir ekki um að þeirra hefði orðið vart. En hvað gerist? Hann veitir þeim ekki athygli en fer aftur inn og skipið heldur sína leið og í næstu andrá byrgði þokan sýn. Aftur brást vonin um björgun.

Enn rak þá í dimmri þoku og þeir gerðu sér ekki grein fyrir hvort þá rak að eða frá landi. Um kvöldið birti aftur og voru þeir þá staddir við Vattarnes skammt frá Skrúði. Þar hafði verið útróður um sumarið en nú undir nóttina voru allir bátar sem kannski höfðu róið um daginn farnir til lands.

Nú sótti þorstinn að þeim. Þeir höfðu verið á flekanum á reki í tæpa 40 tíma og höfðu ekki fengið dropa vatns að drekka og voru orðnir þreyttir mjög. Vatnsbrúsa höfðu þeir með sér á flekanum og höfðu þeir einsett sér að eiga hann ósnertan eins lengi og kostur yrði og þess vegna höfðu þeir ekki opnað hann. En það var eitt sem þeir óttuðust: Að sjór hefði komist í í hann eins og kexið í matarkassanum. Skipstjórinn tók nú tappann úr vatnsgeyminum og saup gætilega. Hinn illi grunur staðfestist. Vatnið var brimsalt. Þetta var eitt það versta sem fyrir þá gat komið. Það var illþolandi að vera votur og kaldur, verra að vera svangur og hafa ekkert til að sedja hungur sitt en langverst var þó að kveljast af þorsta sem ekki var unnt að svala.

Enn var einn brúsi á flekanum og í honum voru flugeldar. Þoka hafði oftast verið meiri en svo að þeir gætu orðið að gagni og þeir höfðu ekki viljað eyða þeim til ónýtis. Þessa nótt voru horfur á björtu veðri svo að hugsast gat að þeir sæjust ef þeim væri skotið á loft. En þá vaknaði sú spurning hvort þeir væru þurrir eða votir þegar til átti að taka. Skipstjórinn aðgætti þetta. Jú, þeir voru þurrir. Ekki brást allt sem átti að vera þeim til bjargar svo að kannski var ekki með öllu vonlaust að þeir kæmust lífs af. Nú reið á að ekki slægi yfir þoku áður en dimmdi af nóttu. En það fór eins og jafnan á þessum hrakningi þeirra að þoku skelltu yfir áður en kvöldaði. Grár þokuhjúpurinn byrgði þeim sýn og huldi þá augum allra þeirra sem annars hefðu mögulega getað orðið þeirra varir og þokan hélst næturlangt.

Alfred var illa á sig kominn. Hann var klæðalítill og orðinn kaldur mjög. Um nóttina sótti að honum svefn. Hinum tveimur leist ekki á það því að þeir reiknuðu ekki með að hann myndi vakna aftur. Nóttin var köld og þeir reyndu að halda honum vakandi og höfðu

hann sitjandi á milli sín til að halda á honum hita en það stoðaði lítið, hann sofnaði og svaf fast. Það fannst þeim ískyggilegt og gerðu sér litlar vonir um að hann myndi vakna aftur til lífsins.

Fimmtudagur 21. ágúst. Í dögun fóru þeir að reyna að vekja Alfred. Jú hann vaknaði og var hressari en nokkru sinni áður og þreytan var runnin af honum. Nú hafði birt vel til og var komið sólskin og logn. Samt var útlitið dökkt, en þá hafði rekið langt til hafs um nóttina og litlar vonir um að fiskibátar yrðu þeirra varir. Þeim reiknaðist til að þeir væru sjö fjórðunga frá landi og utan hefbundinnar útróðrarleiðar. Þeir höfðu fundið fjöl með sex tommu nagla á reki og notuðu hana til að róa með. Ferðin var ekki mikil á flekanum en þeir sáu að þeir þokuðust áfram. Veðrið var gott, sléttur sjór og stafalogn og heiðríkja. Gerðist því heitt í veðri og nú fór þorstinn að versna fyrir alvöru. Þeim kom í hug að drekka sjó en þeir vissu að það yrði þeirra bani.

Þegar útlitið var orðið svona dökkt lagðist skipstjórinn, sem var trúaður maður, á bæn og bað til guðs að þeim yrði bjargað. Það var þeim þungbært að þeir höfðu misst fimm af skipsfélögum sínum en í bæninni báðu þeir um styrk og með bæninni náðu þeir sér í styrk og það léttist á þeim brúnin.

Um eittleitið urðu þeir varir við selkóp sem svamlaði þar skammt hjá. Þegar þeir blístruðu reisti hann höfuðið vel upp úr af forvitni, kafaði svo og kom nær, stoppaði en tók svo stefnuna burt frá þeim. Hann kafaði og kom upp úr til skiptis, stundum færði hann sig nær þeim en stundum fór hann lengra frá. Mennirnir lágu grafkyrrir á flekanum. Kópnum virtist líka best blístrið hjá Alfred. Þegar hann blístraði kom kópurinn ávallt nær og í eitt skiptið var hann svo nálægt að mennirnir gátu slegið hann í hausinn með fjölinni. Jú hann lá steindauður. Þeir brugðust skjótt við til að ná kópnum og fóru þeir allir í einu út á aðra hlið prammans af því að þeir vissu að selkópar sökkva hratt. Þeir náðu til hans og náðu að draga hann upp á flekann.

Ekki voru þeir með hníf eða áhöld til að matreiða hann. En þorstinn sagði þeim hvað þeir áttu að gera. Drekkið nú blóðið sagði þorstinn. Vanir voru þeir að slátra sauðfé og hval en þeir höfðu sem sagt engan hníf. Hvernig áttu þeir að þá að skera hann á háls? Naglinn sögðu þeir allir í einu. Og með sex tommu saum náðu þeir að gera gat á stóru hálsæðina svo að blóð og lýsi rann úr. Og þeir drukku heitt selsblóðið. Ekki drukku þeir allt blóðið samstundis og það sem eftir var létu þeir renna í lokið á neyðarblysakassanum og geymdu þar til seinna.

Þessi drykkur gerði þeim gott og var þeim kannski lífsbjörg því að þeir voru máttfarnir og þreyttir því þeir höfðu hvorki fengið vott né þurrt í 54 tíma. Þeir hresstust aftur við að drekka og gátu haldið áfram að róa af meiri snerpu en áður. Allan daginn var róið og þeir nálgust landið. Þegar fór að rökkva hugðust þeir senda upp neyðarblys. En áður en þeir náðu að senda upp blys hafði þykkt þoka lagst yfir svo að ekki var gagn af því.

Róið var alla nóttina og vindur stóð af landi. Þeir skiptust á að róa, tuttugu mínútur í einu hver og hvíldu sig svo í tíu mínútur.

Föstudagur 22. ágúst. Við sólarupprás birti til og þá voru þeir suður af Papey á hefðbundinni útróðrarleið fyrir opna báta. Bátarnir frá Djúpavogi höfðu róið út í blíðviðri og sigldu inn í þykka þoku í fjarðarmynninu og langt út til hafs. Öðru hvoru reif hann af sér og þá glampaði á spegilsléttan hafflötinn í sólskininu. Flekamennirnir sáu vélbát leggja línu og þeir kölluðu en vélin var í gangi og enginn heyrði hrópin, þeir veifuðu en enginn varð þeirra var. Þeir sáu hvar lóðabelgur flaut og nú freistuðu þeir þess að róa í áttina að honum. Og þeir reru og reru. Svo kom þokan og faldi þá aftur og belgurinn hvarf.

Pungt féll hinum aðþrengdu mönnum að vera svo nærri hjálpinni en auðnast þó ekki að vekja athygli á sér. Og nú kom þeim í hug hinn gamli málsháttur að ekki verður feigum forðað. Þrátt fyrir allt höfðu þeir trúað því til þessa að þeir björguðust á einhvern hátt. En nú þóttu þeim líkurnar orðnar svo litlar að þeir örvæntu um að þeir myndu framars stíga fæti á land. Það leið að hádegi og þeir vissu að norðurfallið var liðið hjá og nú myndu þeir fljótt fjarlægjast allar bátaleiðir því að sunnar en þetta var ekki von um fiskibáta um þetta leiti árs. Fyndust þeir ekki á meðan kyrrð var í veðri var úti um þá. Þeir réru eins og þeir orkuðu og reyndu að halda stefnunni á lóðabelginn.

Þegar þeir höfðu róið í um klukkutíma og komið var fram yfir hádegi lyfti þokan sér. Þá sáu þeir bát sem var að leggja beint undir sólinni töluvert nær en áður og reyndu að hrópa og veifa en enginn tók eftir þeim. Svo klæddi Pétur sig úr treyjuni og notaði hana til að veifa með. Nú veifaði einn af bátsmönnum á móti. Þeir sáu að hann skar á línuna og setti flot á endann.

Báturinn hét Höfrungur. Mennirnir um borð voru Sigurður Ívarsson formaður, Jón frá Rjóðri báðir frá Djúpavogi og Albert Stefánsson frá Krossi á Berufjarðarströnd.

Jón sagði svo frá í útvarpinu: Þegar við áttum eftir að draga eina línu fór að rofa til svo sást inn í fjörð og sólin skein inn á voginn. Allt í einu kallaði Albert: „Hvað er þetta sem ég sé þarna úti?“ Hinir báðir litu í þá átt sem hann benti og sáu eitthvað lifandi á rekaldinu.

Þá sagði formaðurinn: „Skerið á línuna og hnýtið baju á endann, við förum og athugum hvað þetta er“. Albert og Jón brugðust skjótt við og Sigurður setti á ferð og hélt af stað til þeirra. Þegar þeir nálgust sáu þeir hvað þarna var. Þrír menn á fleka. Þegar þeir voru um 200 metra frá flekanum skall þykka þokan yfir aftur en Sigurður hafði fylgst með kompásnum og þeir komu beint að

flekanum. Jón sagði að hann myndi aldrei gleyma þeirri gleði sem þeir fundu fyrir og heldur ekki hvernig gleðin skein úr augunum á þessum þremur mönnum. Þeir höfðu varla lagt að flekanum þegar skipstjórinn hljóp um borð og faðmaði Sigurð og kyssti hann og það sama gerði hann við hina. Svo komu hinir báðir upp í bátinn og tóku um hálsinn og kysstu alla mennina um borð. Þetta sýnir okkur hversu glaðir og þakklátir þeir voru fyrir björgunina. Það fyrsta sem Færeyingarnir spurðu um var eitthvað að drekka og eta. Mönnunum frá Djúpavogi fannst erfitt að þurfa að svara því til að þeir hefðu gleymt mat og drykk í landi. Áður en lagt var frá prammanum tóku þeir dauða kópinn um borð í bátinn. Honum áttu þeir lífið að launa, það vissu þeir. Þeir vildu ekki að hann myndi reka út í veður og vind.

Dokan breiddi faðm sinn yfir aftur og ekki kom aftur rof þennan daginn og Sigurður þurfti að nota áttavita til þess að finna lóðabelginn aftur. Þeir fóru og drógu upp það sem eftir var af línunni og þegar því var lokið hélt Höfrungur af stað inn til Djúpavogs. Á leiðinni fengu þeir svarta þoku en þegar þeir komu að Svartakeri birti til og sólin kom fram aftur. Það var ánægjulegt að sigla inn voginn með þann farm sem um borð var.

Þeir sem voru heima við héldu að eitthvað væri að þegar Höfrungur kom siglandi inn voginn og fólk hélt að eitthvað slæmt hefði gerst. Þegar þeir létu úr höfn voru þeir þrír um borð en nú þegar þeir komu til baka voru þeir sex.

Fólk dreif að niður á bryggju þar sem Höfrungur lagði að. En óttinn breyttist í gleði þegar það sást hverjir voru í bátnum. Konur og menn tóku sérlega vel á móti þeim öllum sex. Tveir Færeyingarnir gistu hjá bátsformanninum og sá þriðji gisti hjá læknum, Ingólfi Gíslasyni.

Það sem þeir þráðu mest af öllu var að fá eitthvað að drekka. Fyrst fengu þeir heita mjólk en urðu að drekka í hófi. Svo fengu þeir að borða og gott rúm til að hvílast í.

Eftir að hafa setið kaldir og blautir á flekanum í 78 klukkutíma og 84 tímar voru frá því að skipið fórst voru þeir þó svo hressir að tveir þeirra gengu af sjálfsdáðum til húss hinn þriðji gekk sjálfur en var studdur. Ekki fengu þeir kvef eða lungnabólgu en fætur þeirra höfðu verið blautir og kaldir allan tímann og fengu þeir mikla verki í fætturna. Alfred komst fljótlega heim til Færeyja, hinir báðir fóru á sjúkrahús á Seyðisfirði og seinna á sjúkrahúsið í Þórshöfn.

Fyrir nokkrum árum síðan var Ólafur Ragnar Grímsson forseti staddur í Færeyjum. Honum var sagt frá kirkjunni í Sandavogi og rúnasteininum sem þar er og söguna þegar mönnunum var bjargað af flekanum. Hann hlustaði af áhuga og fræddist um það þegar íslenskir sjómenn björguðu Færeyskum skipbrotsmönnum, eftir það var farið út til að skoða steininn.

Þeir sem björguðust voru: Petur á Steig, hann var 32 ára. Hann hélt áfram að sigla eftir þennan atburð. Hann var giftur og átti þrjú syni þegar óhappið varð. Síðar eignuðust hjónin þrjú börn til viðbótar. Petur lést 1975, 67 ára gamall.

Davur Magnussen var 41 árs. Þegar hann hafði náð sér gerðist hann smiður á Íslandi. Hann var ógiftur. Dagur lést 1982, 83 ára gamall.

Alfred Jacobsen var 34 ára. Eftir stríð fór hann aftur til sjós en síðar fór hann að vinna í landi. Hann var giftur og átti tvö börn þegar óhappið varð. Seinna eignaðist hann þrjú börn til viðbótar. Hann lést árið 1985, 78 ára gamall.

Þeir sem létust í slysinu voru:

Johan Johansen (Johan á Myrinni) frá Sandavogi 57 ára gamall. Johan tók skipspróf árið 1907. Hann var til sjós alla sína ævi. Hann var giftur og átti sex dætur þegar óhappið varð.

Hans Simonsen (Hans hjá Simuni) frá Sandavogi 44 ára gamall. Hann var sjómaður alla ævi. Hann var giftur og átti átta börn, sex af þeim voru ófermd þegar slysið varð.

John E.F. Petersen frá Sandavogi var 47 ára. Hann fór ungur til sjós og var nýlega búinn að læra til stýrimanns. Hann var ógiftur.

Gudmund Gudmundsen frá Sandavogi var þrítugur og sigldi með sem vélstjóri. Hann var ógiftur.

Poul A. Durhuus frá Vestmanna var 60 ára. Hann var sjómaður alla sína tíð og starfaði oft sem vélstjóri. Giftur og átti 7 uppkomin börn.

Árið 1943 var minnisvarði reistur fyrir utan kirkjuna í Sandavogi. Jón Andreassen hjó steininn. Á steininum er mynd af Solaris og undir myndinni stendur: „Til minningar um þá sem fórust með Sólarris 18. ágúst 1941“ svo eru nöfnin á mönnunum. Þar undir stendur: „Trúgvir til endan, tit vóru tað. Hvílið í friði, til herrans dag“.

Dýðandi: Kristján Ingimarsson.

CLYNE CASTLE

Ólafía Herborg Jóhannsdóttir tók saman og skrifaði þessa grein um áhugaverða sögu strands breska togarans Clyne Castle og mennina sem freistuðu gæfunnar við að koma skipinu aftur á flot.

Upp frá því hófst barátta föðurafa Ólafíu, Valdórs Bóassonar frá Hrúteyri v/Reyðarfjörð og Jóhanns Hanssonar frá Seyðisfirði, við árangurslausar björgunartilraunir Clyne Castle árin 1919-1923.

Þann. 24. ágúst árið 2019 voru sett upp til minningar um þennan atburð tvö stór skilti, annað með korti um skipströnd á Suð-Austurströndinni ásamt öðru skilti með upplýsingum um sögu strands Clyne Castle og björgunartilraunir. Verkefnið var styrkt af Kvískerjasjóði.

Skiltin voru sett upp á áningarstað vestan við Kvía í Öræfum. Þann. 19. september 2020 var spilið úr Clyne Castle flutt úr togaranum upp að skiltunum með leyfi Minjaverndar og landeiganda.

Í grein Ólafíu hér að neðan má einnig finna tengsl sem eru á milli Djúpavogs og Clyne Castle, en þau leiddu meðal annars til þess að skipsklukkan er nú í sáluhlíðinu á kirkjugarðinum Djúpavogi.

Bjartar vonir og vonbrigði

„Guð gefi að ef þetta skip skyldi nú stranda, að það strandi hér“

Haft er fyrir satt að þetta hafi dottið hugsunarlaust upp úr konu nokkurri sem bjó í Öræfasveit á síðustu öld.

Var hún þá að horfa á skip sigla skammt undan ströndinni. Oft rættist þessi spá því að ströndin við Suðausturlandið er viðsjál og víða miklar grynningar skammt frá fengsælum fiskimiðum. Til eru um það heimildir að á versta stað hafi skolið á óveður og skip hrakið af leið. Mörg þessara skipa voru hlaðin dýrmætum varningi og var það fengur fyrir Öræfinga sem liðu vöruskort öldum saman. Fjöldamörg skip hafa borið upp á fjörur Suðurlands, nú eru flest þeirra horfin í sandinn og sjást þeirra engin merki. En rétt fyrir ofan sandrifið við Kvía í Öræfum sést ennþá flak botnvörpungsins Clyne Castle. Stendur stefnið upp úr sandinum og snýr að jökli.



Clyne Castle árið 1923

Clyne Castle

Botnvörpungurinn Clyne Castle frá Grimsby, strandaði þann 17. apríl 1919 á Bakkafjöru, framundan bænum Kvískerjum í Öræfum. Kvísker er austasti bærin í Öræfum, vestan Breiðamerkursands. Clyne Castle strandaði á háflóði, þegar fjarði undan trollaranum gátu skipbrotsmennirnir 13, því gengið þurrum fótum á land eftir sandrifi.

Í bókaflokknum Prautgóðir á raunastund fyrir árið 1919 er sagt frá þessu strandi og er þess þar getið að Öræfingar hafi komið á vettvang og verið tilbúnir að aðstoða mennina sem voru fluttir til bæja. Þegar sýnt var að togaranum yrði ekki bjargað voru skipbrotsmennirnir fyrst fluttir til Hornafjarðar, síðan sjóleiðis til Seyðisfjarðar en þaðan hélt hver til síns heima. Skipstjóri Clyne Castle mun hafa talið vonlaust að bjarga skipinu. Í Morgunblaðinu þann 09.09.1919 er sagt frá þessu strandi og þar kemur fram að reynt var að bjarga togaranum eins og þar segir „tilraun var gerð, af björgunarskipinu Geir að ná hinu strandaða skipi út en heppnaðist eigi“.

Ari Hálfánarson frá Efra-Bæ á Fagurhólsmýri hélt dagbók í tengslum við veðurathugunarstöð á Ingólfshöfða og minnst á strandið í dagbók sinni og getur einnig um tilraunir björgunarskipisins Geirs við að koma „trollaranum“ á flot. Í dagbókinni kemur einnig fram að Hinrik læknir hafi skoðað skipbrotsmennina 21. apríl og að öllum líkindum úrskurðað þá ferðafæra því í framhaldi af því skráir Ari að þeir hafi verið fluttir austur en ekki allir í einu „25. apríl, 7 strandmenn fluttir austur“ og aftur skrifar hann þann „2. maí, 6 strandmenn fluttir austur á Höfn frá Kvískerjum“. Þann 5. maí minnst Ari á í dagbók sinni að Jóhann Hansson hafi komið á strandstað, Jóhanni virðist hafa litist svo á aðstæður og einnig á Clyne Castle að þetta verk væri þess vert að takast á við og hefur séð í þessu verkefni hagnaðarvon.

Í framhaldi af þessari ferð, kaupa þeir Jóhann Hansson, sem rak vélsmiðju á Seyðisfirði og Valdór Bóasson, kaupmaður og útgerðarmaður frá Hrúteyri við Reyðarfjörð, trollarann á strandstað og töldu þeir sig þar eiga auðvelt verk fyrir höndum við að koma honum á flot.

Mennirnir sem létu verkin tala

Jóhann var kunnur vélsmiðameistari á sinni tíð og stofnaði árið 1906 vélsmiðju á Seyðisfirði. Jóhann smíðaði margar vatnstúrbínur fyrir rafstöðvar og einnig byggði hann dráttarbraut fyrir allt að 100 smálesta skip. Hann fæddist á Djúpavogi þ.21. maí 1884 – 1.14. ágúst 1956, sonur þeirra hjóna, Hans Lúðvíkssonar á Djúpavogi og Þórunnar Jónsdóttur frá Hærुकollsnesi í Álftafirði.

Valdór Bóasson fæddist 26.06.1885-1.22.04.1927, að Borgargerði í Reyðarfirði og var einn af hinum fjölmörgu systkinum frá Stuðlum sem komu talsvert við sögu útgerðar og atvinnumála við Reyðarfjörð.

Valdór var fjórði elstur af 11 systkinum, sonur þeirra hjóna Sigurbjargar Halldórsdóttur (fædd 6.apríl 1856 – 1. 1.júní 1949) frá Grenjaðarstað í S-Þingeyjarsýslu og Bóasar Bóassonar, (fæddur 17.ágúst 1885– 1. 21.júlí 1915) frá Stuðlum við Reyðarfjörð.

Vogun vinnur vogun tapar

Nú hófst ævintýri sem byrjaði strax við kaup á skipinu en lauk ekki fyrr en í ágústlok árið 1923. Valdór og Jóhann munu fljótlega hafa hafist handa við það verk að koma trollaranum á flot. Eitthvað var unnið að undirbúningi strax það sumar en þá tóku örlögin í taumana svo um munaði. Valdór Bóasson var þarna með nýkeyptan bát sinn, Jenný, á strandstað til að flytja menn og ýmislegt sem til þurfti við björgunina og meðal annarra sem störfuðu við björgunina var Gissur Filippusson, f. 31.júlí 1883, vélsmiður úr Reykjavík sem átti eftir að koma talsvert við sögu. Gissur var frá Kálfafellskoti í Vestur-Skaftafellssýslu en flutti ungur með foreldrum í Brúnavík í Norður-Múlasýslu. Gissur mun talsvert hafa fengist við að bjarga verðmætum úr strönduðum skipum, eins og kemur fram í þessari tilvitnun.

„Þann 25. september 1918 gerir hann samning við Örfæinga um björgun úr strandaða skipinu Friðriki Albert. Þrem dögum síðar er hann kominn að Teigingalæk í Fljótshverfi, þar sem hann gerir samning um togarann Marconi, sem strandaður var á Hofsnæs fjöru.“

Björgunarmennirnir dvöldu um borð í Clyne Castle og virðist vistin þar hafa verið þægileg enda var ekki vanþörf á, því mikið var unnið og vinnudagar langir og strangir. Í bréfi sem Gissur ritaði konu sinni þann 06.júlí 1919 segir m.a.

„...Nú erum við búnir að vera um borð í togaranum í 12 daga og líður okkur ágætlega. Við sofum í hásetaklefanum en borðum í káetunni og höfum það stórfint. Okkur er fært allt sem við þurfum um borð, mjólk, smjör, skyr, kjet, kartöflur og yfirleitt allt sem við þurfum“

Seinna í sama bréfi lýsir Gissur vinnunni við að grafa frá skipinu og öðrum undirbúningi,

„... Ekki get ég sagt þér hvernig muni ganga að ná skipinu út. Það er alveg upp á kampi. Nú erum við búnir að grafa í 4 daga og erum komnir 10 fet niður í sandinn með annarri hliðinni en þurfum að grafa 14 fet og geri ég ráð fyrir því að það verði eins erfitt að grafa þessi 4ur fet sem eftir eru eins og þau 10 sem búnir eru og er það vegna vatns sem fleytir sandinum að. Við notum trollspilið til að moka svo erfið er ekki mikið hjá okkur. Við erum allir vongóðir að okkur takist að ná skipinu út. Skipið er stórt og vandað og því mikils virði ef það næst.“

Eins og getið er um í bréfi Gissurar til konu sinnar saknaði hann fjölskyldunnar og fór því að huga að heimferð. Til þeirrar farar fékk hann Valdór til að lána sér bát hans Jenný með áhöfn og var meiningin að Jenný sigldi með hann vestur á Síðufjörur en Valdór var sjálfur ekki með í þeirri ferð.

Nokkrar skráðar heimildir eru um það sem síðan fór í hönd og ber þeim heimildum ekki saman og hefur ekki tekist enn sem komið er að fá áreiðanlegar sannanir hvað er rétt í þeim.

Ferð Jennýjar með Gissur upp á Síðufjörur

Þegar Jenný var komin að Síðufjörum var nokkur brimsúgur við landið og töldu bátsverjar hið mesta óráð að lenda við þær aðstæður. Var það því ákveðið að Gissur tæki lítinn árabát (jullu) sem dreginn hafði verið með Jenný og færi einn á honum í land. Þær lyktir urðu á þeirri ferð að Gissur náði landi heill á húfi og komst til byggða og hélt þaðan til Reykjavíkur í faðm fjölskyldu sinnar. Jenný hélt að þessu loknu áleiðis austur með ströndinni að strandstað Clyne Castle en sú sjóferð tók þá óvænta stefnu, veður versnaði og útlit varð ekki gott fyrir bát af þessari stærð. Endalokin urðu sú að á leið þeirra varð breskur togari sem tók þá um borð en sögum ber ekki saman um ástæður þess að þeir fóru um borð. Ein útgáfan er sú að þeir hafi verið neyddir um borð í togarann og ekki átt annarra kosta völu en að fara með. Jóhann Valdórsson, (f.20.febr.1920-1.25.10.2000), bóndi á Þrándarstöðum í Eiddapínghá, yngsti sonur Valdórs sagðist hafa heyrt þá útgáfu og hafði það eftir föður sínum að þeim hafi ekki verið nein hætta búin. Sönnunarkerfi um að frásögn Jóhanns sé rétta útgáfan var sú að þegar Jenný fannst, reyndist hún nær óskemmd með öllu eftir að



Jóhann Hansson



Valdór Bóasson



Bátur Valdórs, Jenný SU 327

Fékk hann því ekki neinar bætur greiddar frá tryggingunum og var skaðinn alfarið hans og ekki ábætandi. Valdór var því illa staddur án Jennýjar sem var atvinnutæki hans og aflaði honum lífsviðurværis fyrir hans stóru fjölskyldu.

Óþrjótandi bjartsýni og áræðni

Víkur nú aftur að björgunaraðgerðum á Clyne Castle, hinum strandaða breska togara á Bakkafjöru sem fól í sér von um mikil verðmæti við sölu ef að vel tækist.

Þeir Jóhann og Valdór munu all lengi hafa haldið í þá von að ná togaranum á flot. Hér var til mikils að vinna því víst var hann freistandi, togarinn, þar sem hann stóð á sandinum heill og óskemmdur og hefði skapað mikil verðmæti ef hann hefði náðst á flot. Hér voru miklir dugandismenn á ferð, Valdór með óþrjótandi bjartsýni og áræðni en Jóhann með sína miklu þekkingu frá rekstri dráttarbrauta.

Í bréfi sem er varðveitt í Skjala-og myndasafni Norðfjarðar dags. 22.des.1922, frá Valdóri til Sigfúsar Sveinssonar kaupmanns, minnst Valdór á togarann og er langt því frá að telja þetta verk óframkvæmanlegt

„Jeg hef ætíð sagt að við næðum út trollaranum og mjer finnst jeg hafi fullt leyfi til að segja að það leit svartara út með að við næðum út mótorbátnum mínum sem lenti upp á sandana. En það kom fram við náðum út bátnum, og eins náum við trollaranum út“

Í janúar árið 1921 er áður nefndur Gissur Filippusson að búast til farar á ný suður á Breiðamerkursanda til að vinna við björgun togarans. Hann hafði flutt austur á Seyðisfjörð og hafði vinnu í vélsmiðju Jóhanns Hanssonar. Aðalstarf hans virðist hafa verið að undirbúa björgunina en hann hafði samið við þá Valdór og Jóhann um að fá í sinn hlut sjötta hlut í hagnaðinum. En þennan dag hverfur Gissur á leiðinni frá Vélsmiðjunni yfir á Vestdalseyri þar sem biðu hans ófrísk kona og ungur sonur.

Bátur hans fannst laskaður í fjörunni daginn eftir, en ekki er vitað með vissu hver urðu örlög Gissurar, en talið er líklegt að hann hafi lent í slysi í fjörunni eða á leiðinni yfir fjörðinn. Lík hans fannst aldrei og voru á kreiki allskyns sögur um hvarf hans, jafnvel talið að hann hafi látið sig hverfa til útlanda.

Ekki er ólíklegt að þetta slys ofan á allt annað hafi einhvern þátt átt í því að lítið var unnið við trollarann þetta ár en samt mun eitthvað hafa verið gert.

Þeir félagar munu eitthvað hafa undirbúið björgunina á hverju ári frá því að togarinn strandaði, nema árið 1922 samkv. heimildum frá Sigurði Björnssyni á Kvískerjum. Að sögn Sigurðar mun ekkert hafa verið unnið við skipið það ár og er ef til vill orsökina sú að Valdór hafði ekki tök á því vegna fjárhagserfiðleika eftir strand Jennýjar.

Lokaatrennan með innilegri sannfæringu

Þann 23 maí árið 1923 er svo byrjað að vinna lokaundirbúninginn við að koma hinum strandaða „trollara“ á flot. Samkvæmt dagbók Þorsteins Guðmundssonar frá Reynivöllum í Öræfum var nú allt sett á fullt. Þorsteinn heldur dagbók allan þann tíma sem verkið stendur yfir frá lok maí þar til upp úr miðjum ágúst.

Hann byrjar dagbókina þann 23.maí á hálfgildis heitstrengingu

„Byrja að vinna við skipið Clyne Castle með þeirri innilegu sannfæringu að þetta verk, sem sagt að koma skipinu á flot aftur muni takast þrátt fyrir það þó raddir hafi heyrt í þá átt að öll fyrirhöfn því viðvíkjandi verði árangurlaus.

Í öðru lagi óska ég af öllu hjarta að verkið heppnist og að hluteigandi komist menn megi halda verkinu til sigurs. Í öðru lagi lofa ég að vinna

svo trúlega og samviskulega sem mér er framast unnt, lofa að sína í verki að í huga og trú eru ríkjandi í orði og athöfn.

Lofa að skiljast ekki við þetta málefni og verkefni fyrr en það er komið í viðunanlegt horf, sem sagt sigurinn unnið, verkið fullkomnað“.

Dorsteinn hefur fulla trú á því að þetta mikla verk takist og vill leggja sig allan fram til að það takist og svo virðist hafa verið með alla þá sem komu að þessu björgunarstarfi.

Vikur nú sögunni að björgunarstarfinu sjálfu, gekk það upp og ofan, suma daga miðaði verkinu vel en svo komu dagar þar sem allt fór forgörðum. Eins og föstudaginn 8. júní, „austan stormur og rigning og sjógangur, eyðilaggt heilt dagsverk fyrir okkur“



Clyne Castle 1923

Trollarinn fer sjálfur af stað og svo er reynt að mjaka honum áfram og gengur það misvel, Dorsteinn heldur nákvæma dagbók yfir árangurinn,

„hann gengur upp um 20 fet á 3 klukkutímum, Trollarinn gekk 2 fet,.... Trollarinn gekk 12 fet,.... gekk 12 fet, ..ekið skipinu 10 fet“.

Svona gengur þetta dag eftir dag. En allir verða að slaka á og taka sér frí inn á milli, svo björgunarmennirnir taka sér frí á þjóhátíðardaginn sem ber auk þess upp á sunnudag. Þeir nota daginn til að gera ýmislegt sér til gamans, En eftir skemmtunina tekur alvaran við, vinnan byrjar aftur, veðrið versnar, stormur og sjógangur gera það að verkum að öll vinna síðustu viku rennur út í sandinn í orðsins fyllstu merkingu.

„18. júní, mánudagur, þoka og sullaregn framan af degi og sveif upp af vestri með storm og sandroki og sjógang, algjört verkfall, eyðilaggt viku verk. Keyrt um 4 fet“.

En inn á milli koma dagar þar sem allt virðist ganga að óskum, sólin fer að skína, það lygnir og þá birtir yfir öllum og bjartsýnin tekur völdin á ný.

„23. júní, laugardagur, sólskin, hægur vestanvindur, keyrt allan daginn, fram á nótt til kl. 2. Trollarinn byrjaði 2 lengdir sínar í dag, gangur 25 fet. Helgi fór heim og Benjamín með honum“.

Sigurður á Kvískerjum man eftir því að björgunarmennirnir hafi höggvið tré uppi í Kvískerjalandi og með því stíflað Kvíána og myndað lón fyrir trollarann.

Aftur og aftur gera máttarvöldin margra klukkutímaverk að engu og eins og sjá má í dagbókarfærslu fyrir þann 14. júlí.

„stórflóð og stórstraumur, braut niður búkka undir Dúnkraft um nóttina og eyðilagði dagsverk“.

Dröngt er orðið í búi bæði um borð í togaranum og einnig í sveitinni, allur sykur, mjöl og hveiti er uppuríð og allir bíða eftir mótorbátnum Skaftfellingi sem færir björg í bú.

Björn bóndi í Kvískerjum færir björgunarmönnum birgðir af því sem vantar.

Nú er komið svo að álitu björgunarmanna, að aðgerðir séu það langt komnar, að það fari að stytast í „trollarinn“ verði settur á flot. Sent er eftir mönnum um alla sveit til hjálpar. En veðurguðirnir halda áfram að setja strik í reikninginn dag eftir dag og breyta dæminu.

„19. júlí, fimmtudagur, sofið til kl. 9, regn og skúrir. Komu tveir menn til okkar í vinnu, byrjað kl. 10, höfðum 10 aðkomumenn, hreinsaður sandur frá, sliskja byrjuð að keyra, hljóp hart á stað, slitnaði 2-var vír komst Trollarinn 25 fet, stoppaði algjörl. hætt kl. 6 e.m. fóru menn heim til sín, gerði stórsjó og braut upp sandkassa, hélt vöku fyrir fólki við að bjarga trjám, ruggaði mikið til klukkan 11 þá að sofa.“

„20. júlí, föstudagur, suðvestan rok og brim, ekkert unnið. Valdór fór út í sveit í liðsbón. Ég og Benjamín fórum í skemmtigöngu uppá Kvíárjökul. Ég stóð vakt um nóttina“.

Og nú er svo komið að dagsetning fyrir úrslita atlöguna er ákveðin.

Forsjónin lofuð

Ekki fór þó sem skyldi því um nóttina skall á austan stormur og hætt var við atlöguna, mennirnir sendir heim og beðið eftir öðru færi. Björgunaraðgerðir höfðu nú staðið yfir í rúma tvo mánuði og má vænta þess að það hafi verið farið að gæta að ópolinmæði í liðinu. Eins má ætla að það hafi ekki verið átakalaust að eyða tímanum við þessa kostnaðarsömu aðgerð og sjá ekki árangur erfiðisins, fjárhagurinn verið farinn að versna og engar tekjur að hafa á meðan unnið er við Clyne Castle. Alltaf er reynt að halda í bjartsýni og treyst á árangur allrar þessarar miklu vinnu.

Trúað er því að nú sé forsjónin þessum aðgerðum hliðholl og næst takist björgunaraðgerðin. Komið er fram í ágúst og allir eru sammála að heppnin hafi verið þeim hliðholl síðustu viku. Nú er annaðhvort að hrökkva eða stökkva. Þorsteinn og allir björgunarmennirnir eru á því að næsta tilraun fari betur og nú takist að koma Clyne Castle á sjó út. Aftur er safnað saman liði til björgunaraðgerða, menn og hestar, fengnir úr sveitinni og næsta nágrenni, nú skal tjaldað því sem tiltækt er.

Nú virðist forsjónin hafa öðrum verkefnum að sinna og vera búin að yfirgefa staðinn, því að það eykur brimið og skipinu hallar. Björgunarmennirnir fara á fætur um nóttina til að vinna við að halda í horfinu og tekst það að lokum. Einn sunnudaginn fer útlitið versnandi þegar líða fer á daginn og það skall á með stormi og brimi og máttu menn þakka fyrir að komast um borð í „trollarann“.

„5. ágúst sunnudagur, regn fór vaxandi er leið á dag með stormi og brimi í sjó. Fórum á stað aftur heim kl 3 e.m. Fórum mjög hratt því útlit var hið versta, náðum Clyne Castle kl.8 sluppum með naumindum um borð, skipið flaut í löðrinu, réðum ekki við að halda í horfi fyrir stormi og brimi, stóðum uppi alla nóttina, slitnuðu tó og vírar og skipið lagðist á hlið flatt að sundi, braut botninn eitthvað svo leki kom að skipinu, óvíst hvað skemmdir urðu miklar“.

Næsta dag er ekkert hægt að hafast að fyrir brimi og skipið rak lengra upp á sandinn, togvírar sem héldu skipinu slitnuðu og sjór gekk yfir skipið og inn í kætuþólf og vélarrúmið. Veður lægir daginn eftir og byrjað er að pumpa sjó úr skipinu og gengur það vel þann dag. Þá er ákveðið að fá björgunarskipið „Þór“ til að toga Clyne Castle út og fer Jóhann austur að Hólum til að síma eftir Þór. Æðri máttarvöldin sem Valdór trúði á og batt alla von sína við, gripu fram fyrir hendurnar á þreyttum og slæptum björgunarmönnum. Aftur skall brim á skipinu og skemmdir ágerðust og ekki hafðist við að dæla. Sendir eru menn með þau skilaboð til Þórs að bíða átekta og nokkrir manna vinna áfram um borð en sumir taka sér helgarfrí. Þegar þeir koma til baka er búið að rétta Clyne Castle, stoppa leka og hita upp vélina. Þú er komið að örlagastundinni en það virðist nú vera ákveðið að leggja nú allt í sölnurnar til að koma „trollaranum“ út og til hjálpar var kallaður björgunarskipið Þór til að toga í Clyne Castle. En ekki fór allt sem skyldi. Þorsteinn skrifar allt samviskusamlega niður í dagbók sína.

„13. ágúst, mánudagur, suddi og regn, Skarphéðinn kom með símskeyti frá Björgunarskipinu Þór um að það væri á leið til okkar. Kom Björgunarskipið Þór kl. 8 f.m. sjór var úfinn, rerum um borð, fengum 2 uppslætti, höfðum út í þriðja sinn, fengum 2 brot, fylltum bátinn af sjó, stóðum við í Þór 2 kl.tíma, slörkuðum í land aftur með streng til að draga á vír frá Þór til að festa í Clyne Castle, fengum 2 brot á bátinn, rétt hvolf. Björgunarskipið byrjaði að toga kl. 3 e.m. en þá á flóði. Við spiludum á okkar vír og höfðum vél í gangi, drógum vestur lónið um 1 ½ lengd á móts við sundið í rifnu, skipið rétt fyrir, útlit fyrir hið besta en ekki meira að gera á þessu flóði, hætt“.

Ekki skyldi gefist upp baráttulaust og enn var togað og togað, því eftir tveggja mánaða vinnu skyldi reynt til fullnustu að koma „trollaranum“ á flot. En eigi skyldi lofa dag fyrr en að kvöldi og reyndist það svo sannarlega rætast í þessu tilfalli.

„14. ágúst, þriðjudagur, sólskin, vestan vindur, ófær sjór sandinn, byrjað að toga kl. 3 f.m. á flóði. Clyne Castle hafði vél í gangi og rótaði skrúfan sandi frá skipinu, Þór hafði einnig fullan kraft á vél og vírum, Clyne Castle gekk út ½ lengd sína þegar það óhapp vildi til að anker og keðja fór í skrúfunu og stöðvaði gang svo ekki var meira að gert, skipið varð hliðflatt og rak undan öldunni, varð að hætta. Byrjað aftur að toga kl. 4 e.m. færðar festar úr afturenda í framenda enda þetta gert í samráði við skipstjórnann á Þór, síðasta tilraun er reyndist með öllu árangurslaus. Björgunarskipið Þór sleit sinn vír eftir að hafa togað í 4 klst. Kvaddi og fór kl. 9 um kvöldið“.



Clyne Castle árið 2005 (t.v) og árið 1930 (t.h)

Góðir drengir, uppgjöf og heimferð

Nú var öllum orðin ljós hin kaldhæðnislega staðreynd að Clyne Castle yrði um aldur og eilífð þarna á sandinum og yrði ekki hreyfður þaðan sem hann var.

Gerðu björgunarmennirnir sér fyllilega grein fyrir þessari staðreynd og nú var ákveðið að gera sér fé úr því sem verðmætt var í skipinu, rífa innan úr skipinu allt sem nothæft var og var Þorsteinn fenginn til þess verks. Hann tók þó ekki að sér þetta niðurrifsverkefni með glöðu geði. Því lýsir hann í lokakafla dagbókar sinnar frá hinum viðburðaríku dögum um borð í Clyne Castle.

„15. ágúst, miðvikudagur, það var öllum ljóst orðið að skipið yrði ekki tekið út og var byrjað að skipa upp dóti og keyra upp á sand og ganga frá því yfir veturinn þar sem því yrði óhætt fyrir sjógangi. Var verið að því fram á föstudaginn þ. 16. Þá var farið út í sveit að smala hestum til austurferðar, fóru þeir Jóhann og Benjamín til þess og er gert ráð fyrir gert að leggja á stað á föstudaginn austur á Höfn“.



Menn komnir til að rífa innan úr togaranum árið 1923



Skipssklukka Clyne Castle hangir yfir kórhlíðinu í kirkjugarðinum á Djúpavogi



Ólafía flytur ávarp við vígslu skiltana. Hér má sjá skipssklukkuna úr Clyne Caslte sem nú hangir yfir sálnahlíðinu í kirkjugarðinum á Djúpavogi.



Fjölskyldur Rúnu og Ara voru viðstödd vígslu skiltanna 2019



Ásdís Þórðardóttir virðir fyrir sér skiltin

En fyrst þurfti að huga að heimferð fyrir þá sem lengra áttu að og fylgdi Þorsteinn þeim Jóhanni og Valdóri austur að Höfn ásamt hinum. Þorsteinn virðist hafa kunnað mjög vel við samvistir við þessa menn og var honum óljúft að verða einn eftir á sandinum. Honum segist svo í dagbók sinni.

„Ég er kjörinn til að fylgja þeim austur sem er einkar ljúft því ég hefði viljað gera allt sem í mínu valdi hefur staðið til að verða þeim að liði, því hér hefi ég fyrir hitt svo góða drengi að leit er á öðrum eins“.

En Þorsteinn er þakklátur yfir því að hafa kynnst þessum góðu drengjum og telur sig hafa gert allt sem var á hans valdi að verkið tækist en ekki verður við allt ráðið. En sumarið 1923 verður honum ógleymanlegt og fast í huga um aldur og ævi. Hann kvíðir fyrir komandi verkefni en er ekki einn því til samstarfs við sig hefur hann valið Helga Arason frá Efra-bæ í Fagurhólsmýri. Þeir munu njóta til helminga á við eigendur þess sem verðmætt reyndist og hefur það eflaust verið smá sárabót þótt það væri ekki nema brot af því mikla verðmæti sem búist var við ef verkið hefði tekist.

„Ég hef tekið að mér að rífa innan úr skipinu allt fémætt, trjáverk, járn, stál, kopar o.fl. og bjarga því og ganga frá því undir veturinn. Helgi á Fagurhólsmýri verður með mér og fáum við helming af öllu tré og svo járn og annað eftir vild. Ég ber hálfgerðan kvíðboga fyrir þessu hugaða verki því mig langar svo að losna sem fyrst úr því að svona illa tókst til með skipið. Ég hef bæði góðar og vondar minningar héðan. En aldrei get ég gleymt sumrinu 1923 á Clyne Castle“.

Og heim skal haldið og hefur eflaust hugur þeirra Valdórs og Jóhanns verið við allt það erfiði sem er að baki til þess eins að eyða kröftum, fjármunum og tíma. En enginn veit sína ævi fyrr en öll er og ekki er vafi um að allir þeir sem komu að verkinu lögðu sig heilshugar fram við að þetta erfiða verkefni tækist, en Guð og forsjónin voru ekki í liði með þeim í þetta sinn þrátt fyrir alla von og bænir.

Ferðin austur á Hornafjörð gekk eins vel og búist var við, gist var á Hala í Suðursveit og heima hjá Skarphæðni Gíslasyni á Vagnsstöðum. Bendir það til þess að hann hafi verið einn af þeim sem unnu við hið strandaða skip. Þorsteinn hefur hér skrifað lokaorðin í dagbók sína og skulum við eftirláta honum orðið.

„19. ágúst sunnudagur, sólskin og logn, dvöldum á Höfn fram eftir degi að bíða eftir Esju sem kom kl 5 síðdegis. Þá skildi með okkur félögum á bryggjunni og voru allir hattar og húfur á lofti svo lengi sem ég sá til þeirra. Nú sit ég upp á hól (uppá Þórhallstindi) og skrifa þennan síðasta kafla í þessa sögu eða hvað má kalla það enda er ég í þungum þönkum eins oft á sér stað á skilnaðarstund, því ég hefði helst óskað geta farið austur eða eitthvað annað því mér er óljúft að vitja aftur á þessar ömurlegu slóðir sem hafa verið okkur hættur og hugangur“.

Einn af þeim sem unnu við að reyna að koma Clyne Castle á flot var Guðjón Eyjólfsson (6. apríl 1886 - 29. september 1942) og slasaðist hann við vinnuna.

Í dagbókinni sem skrifuð var af Þorsteini kemur m.a. fram:

„3. júlí, þriðjudagur, lagðir sliskar undir. Guðjón lá í handarmeini. Austan stormur og sandrok og hríð við og við.

4. júlí, miðvikudagur, stormur og regn, pósturinn kom að vestan, (Hofsmenn að veiða fugl) Jóhann fór með Guðjón út að Fagurhólsmýri“.

Þarna tóku örlögin til sinna ráða því á Fagurhólsmýri var ung stúlka, Guðrún Aradóttir (f.17. júní 1884 - 12. september 1975), nýkomin heim í sveitina eftir að hafa lokið ljósmóðurnámi og með henni og Guðjóni takast ástir og mátti sveitin sjá á eftir ljósmóðurinni því hún fer með honum til Djúpavogs. Þar eiga þau marga afkomendur.

Fjölskyldur Rúnu og Ara, sem eru 2 af börnum Guðjóns Eyjólfssonar og Guðrúnar Aradóttur, gerðu sér ferð í Öræfin 2019 þegar skiltin voru vígð.

Ekki hefur tekist að hafa upp á neinu því sem fjarlægt var úr Clyne Castle þegar allar tilraunir til björgunar voru fullreyndar til þrautar nema skipssklukkunni, hún hangir yfir kórhlíðinu í kirkjugarðinum á Djúpavogi.

Guðjón mun hafa fengið þessa skipssklukku til eignar og svo gefið hana til að hengja upp í kirkjugarðinum.



Djúpavogshöfn

Júlí	Dagsetning	Koma	Brottför	Lega	Stærð (GRT)	Farþegar	Áhöfn
Viking Star	1.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Silver Whisper	1.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	28.258	380	295
NG Explorer	3.7.2021	07:00	20:00	Bryggja	6.474	110	96
Vida	8.7.2021	08:00	18:00				
Viking Star	8.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Ocean Diamond	9.7.2021	06:00	16:00	Bryggja	8282	147	92
World Explorer	11.7.2021	08:00	17:00	Akkeri	9300	1170	130
Silver Whisper	12.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	28.258	380	295
Viking Star	15.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Jupiter	18.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Ocean Diamond	18.7.2021	06:00	16:00	Bryggja	8282	147	92
NG Explorer	19.7.2021	07:00	20:00	Bryggja	6.474	110	96
Wild Svan	19.7.2021	08:00	18:00				
Viking Star	22.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Jupiter	25.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Venus	27.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Silver Cloud	27.7.2021	07:00	16:00				
Ocean Diamond	27.7.2021	06:00	16:00	Bryggja	8282	147	92
Viking Star	29.7.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464

Ágúst	Dagsetning	Koma	Brottför	Lega	Stærð (GRT)	Farþgj	Áhöfn
Viking Jupiter	1.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
NG Explorer	1.8.2021	07:00	19:00	Bryggja	6471	120	94
Viking Venus	3.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Le Champlain	4.8.2021	06:00	17:00	Akkeri	10700	180	
Viking Star	5.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Ocean Diamond	5.8.2021	06:00	18:00	Bryggja	8282	147	92
Viking Jupiter	8.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Venus	10.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
NG Explorer	10.8.2021	07:00	19:00	Bryggja	6471	120	94
Viking Star	12.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Jupiter	15.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Venus	17.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Star	19.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Jupiter	22.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Star	26.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Silver Whisper	29.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	28.258	380	295
Viking Jupiter	29.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Silver Whisper	29.8.2021	08:00	18:00	Akkeri	28.258	380	295

September	Dagsetning	Koma	Brottför	Lega	Stærð (GRT)	Farþgj	Áhöfn
Viking Star	2.9.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Viking Jupiter	5.9.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Ocean Diamond	5.9.2021	06:00	16:00	Bryggja	8282	147	92
Viking Star	9.9.2021	08:00	18:00	Akkeri	47800	930	464
Ocean Diamond	12.9.2021	08:00	16:30	Bryggja	8282	147	92
Ocean Diamond	19.9.2021	08:00	16:30	Bryggja	8282	147	92
Hanseatic Nature	23.9.2021	07:30	19:00	Akkeri	15540	210	170
Ocean Diamond	26.9.2021	07:30	18:00	Bryggja	8282	147	92

*skipakomur geta hæglega breyst með stuttum fyrirvara og eru birtar með fyrirvara um breytingar

GAUTAVÍK FARM - OPIÐ BÝLI

Gautavíkur - býlið tekur á móti gestum í sumar frá u.þ.b. miðjum júní.

Opnunartími: 11-16 alla daga (eftir formlega opnun)

Hópar geta komið utan þess tíma ef samið er um það fyrirfram

Börn eru alfarið á ábyrgð forráðamanna

Takmarkaður fjöldi svo hægt sé að sinna þeim sem eru á svæðinu á hverjum tíma svo vel sé.

Aðgangseyrir:

1.500 kr. fyrir fullorðna

750 kr. fyrir börn (6-17 ára)

Leiðsögn ábúenda innifalin

Afsláttur fyrir hópa

Á býlinu Gautavík í Berufirði (766 Djúpivogur) er boðið upp á ýmsa afþreyingu:

• Húsdýragarður:

- Sauðfé (hrútar, ær og lömb)
- Hestar (ekki til útreiða)
- Grísir
- Landnámshænur
- Endur
- Hundar
- Silungar (í fiskabúri)

• Úti- og inniræktun á iðnaðarhampi o.fl.

• Fræðslusetur um iðnaðarhamp og „aquaponics“ ræktun

• Golf á heimatilbúna 7-holu golfvöllinum (koma sjálf með sett)

• Íþróttasæði fyrir börn inni í hlöðunni (sparkbolti, karfa, boxpúði, borðtennisborð o.fl.)

• Fótboltamark úti til að sparka í og lítið skógarrjóður með rólu. Tún með sumarleikföngum

• Merktar gönguleiðir niður í fjöru og um sögufrægt svæði

• Leikur við Gautavíkurána (þegar ekki er of mikið í henni)

• Verslun og verkstæði:

- Gjafavörur, minjagripir og módel leikföng hönnuð og framleidd á bænum (í sama rými og verslunin)
- Snarl í lokuðum umbúðum (m.a. frá íslenskum smáframleiðendum)
- Kaldir drykkir
- Ís- og frostpinnar (í umbúðum)
- Kaffidrykkir og te
- Afurðir af bænum (takmarkað magn)



Fylgist með á facebook hópnum „Gautavík farm – opið býli“ og kíkið í heimsókn!

Árshátíð Djúpavogsskóla
verður í vikunni 25.-28.maí
Nánar auglýst síðar!

2021

DJÚPAVOGSDEILDIN

Viltu svitna, keyra púlsinn upp og hafa svolítið gaman? Þá ættir þú að taka þátt í Djúpavogsdeildinni. Skráning er hafin en deildin fer fram í þriðja sinn í sumar.

Leikið verður knattspyrnu á Neistavelli og fer leikjafjöldi deildarinnar að sjálfsögðu eftir skráningu liða. Deildin samanstendur af blönduðum liðum og aðstæður eru til fyrirmyndar.

Konum og körlum á öllum getustigum knattspyrnunnar er velkomin þátttaka. Sumir leikmenn geta haft bakgrunn í knattspyrnu, forna frægð eða eftirminnileg augnablik í Djúpavogsdeildinni, á meðan aðrir búa yfir minni reynslu.

Þú getur sett saman þitt eigið lið eða skráð þig sem einstaklingur og deildin setur þig í lið fyrir sumarið.

Leikreglur:

Fjöldi leikmanna

Á vellinum eru 5 leikmenn í hvoru liði hverju sinni (1 markmaður og 4 útileikmenn). Heildarfjöldi liðsmanna (skiptimenn) hvers liðs er ekki takmarkaður við neinn fjölda.

Lengd leikja

Leikirnir eru spilaðir í tveimur hálfleikjum 20 mínútum hvor. 5 mínútna hlé er í hálfleik.

Dómgæsla

Hvert lið fær úthlutað leikjum þar sem það sér um dómgæslu. Það er því eitt lið sem ber ábyrgð á dómgæslu í hverjum leik (annað lið en þau tvö sem spila leikinn dóhh). Lið geta útvegað dómara sem er fenginn í verkið eða meðlim úr sínu eigin liði.

- Venjulegar knattspyrnureglur gilda í leikjunum.
- Innáskiptingar eru frjálssar og ótakmarkaðar
- Dómarar klæðast 100 ára afmælisbúning Neista og fá flautu til nota ásamt spjöldum.

Aldurstakmark

- Miðað er við að leikmenn séu gjaldgengir eftir grunnskólaaldur eða á 16 aldursári og eldri.

Praktísk atriði

- Stærð vallar verður 50 m x 30 m.
- Djúpavogsdeildar mörkin verða notuð að sjálfsögðu, sérsmiðuð og hönnuð fyrir deildina af Kalla Jóns.
- Leikmenn geta aðeins spilað fyrir það lið sem þeir eru skráðir í hverju sinni. En félagsskiptaglugginn opnast á miðju tímabili Djúpavogsdeildarinnar og verður þá hægt að kaupa leikmenn dýrum dómi með þeirra samþykki.
- Í hverjum leik skal vera sjúkrakassi á staðnum.

Skráning og skipulag

- Skráning í Djúpavogsdeildina er hafin og rennur út að hádegi **23. maí**.
- Skráningar skulu berast til djupavogsdeildin@gmail.com. Fram þarf að koma **nafn liðs, tengliður/fyrirliði, email og nöfn allra liðsmanna**.
- **Greiðsla skráningargjalds staðfestir skráningu.**
- Skipulag leikja fer eftir fjölda skráðra liða. Stefnt er að því að keppt sé í riðlum og svo verður úrslitakeppni þar sem tvö efstu lið hvers riðils komast áfram.
- Leikir Djúpavogsdeildarinnar fara fram í júní og júlí og úrslitakeppnin verður í ágúst.
- Ef tímasetning leikja hentar liðum illa er það undir því liði komið að leysa úr því með mötherja sínum og finna nýja tímasetningu sem hentar báðum liðum. Tilkynna þarf nýja tímasetningu inn á facebooksíðu Djúpavogsdeildarinnar ef slíkt kemur upp.
- Frestun leikja má ekki eiga sér stað síðar en 2 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan leiktíma. Ef lið sér ekki fram á að geta spilað leikinn með minna en 2 sólarhringa fyrirvara verður leikurinn gefinn.
- Leikskipulag verður tilkynnt á aðalfundi Neista þriðjudaginn 25. maí.
- Þátttökugjald hvers liðs er 5000kr. Gjöldin eru nýtt í verðlaunagripi og annað tilfallandi tengt mótinu. Einnig er stefnt á lokahóf í lok sumars.

Punktur frá mótstjórn Djúpavogsdeildarinnar:

- Gott er að hafa ágætán fjölda í hverju liði þar sem ekki allir komast í hvern leik.
- Einungis þeir leikmenn sem eru skráðir í liðið mega spila leikina. Nafn leikmanns þarf að vera skráð til að hann/hún fái að spila. Því er tilvalið að hafa leikmannalistan með öllum þeim sem gætu spilað með liðinu yfir tímabilið.
- Gaman er að finna sér lið eftir hverfum; sveitum, fjölskyldum eða vinnustöðum.
- Mælt er með að hvert lið sé með að lágmarki eina konu eða einn karl í sínu liði. Blönduð lið eru miklu skemmtilegri!
- Lið eru hvött til að hanna sína eigin búninga. Látið hugmyndaflugði ráða.

Lokahóf verður haldið í lok úrslitakeppinnar matur og skemmtun. Nánari upplýsingar síðar.

Neisti

